



Knattspyrnufélagið **HAUKAR**

Stofnað 12. apríl 1931



ÍSí bikar 2018

Ársskýrsla 2018



Efnisyfirlit

A.	Inngangur	2
B.	Aðalstjórn Hauka	4
C.	Starfsnefndir	4
D.	Leikjaskóli barnanna	5
E.	Íþróttaskóli Hauka	5
F.	Frístundaheimili Hauka	8
G.	Skákdeild	10
H.	Öldungaráð Hauka	10
I.	Íþróttahátíð Hauka	10
J.	Getraunaleikur	11
K.	Leiðin að ÍSÍ bikar	11
L.	Verklegar framkvæmdir	14
M.	Minningar- og styrktarsjóður Hauka	16
N.	Félagsráð Hauka	16
O.	Rekstrarfélag Hauka ehf.	16
P.	Haukar í horni – stuðningsmenn	16
Q.	Almenningsíþróttadeild	17
R.	Knattspyrnudeild	18
S.	Handknattleiksdeild	22
T.	Körfuknattleiksdeild	22
U.	Karatedeild	24
V.	Golf	24
W.	Veiði	26
X.	Blak	26
Y.	ÍBH	27
Z.	Fjármál	29
AA.	Hafnarfjarðarbær	30
BB.	Lokaorð	32



A. Inngangur

Liðið ár hefur verið okkur Haukamönnum á margan hátt gott þar sem upp úr stendur góður árangur íþróttafólks félagsins og vígsla nýs íþróttasalar Ólafs salar. Þá hefur verið unnið af krafti við að undirbúa frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja hér á Ásvallasvæðinu með byggingu knattspyrnuhúss með tilheyrandi búningsaðstöðu.

Gengi meistaraflokka í hand- og körfubolta síðastliðinn vetur var mjög gott og vannst glæsilegur Íslandsmeistaratitill í körfu kvenna ásamt deildarmeistaratitli í körfu karla síðastliðið vor. Bæði karlaliðin í hand- og körfubolta ásamt handboltaliði kvenna féllu síðan út í fjögurra liða úrslitum eftir æsi-spennandi leiki. Hreint frábær lið sem við Haukar eigum.

Yngri flokkar Hauka stóðu sig vel á liðnu ári og unnu alls 2 Íslandsmeistaratitla í hand-, körfu-, fótbolta og voru víða í titilbaráttu. Að auki unnust 2 bikarmeistaratitlar á árinu. Glæsilegur árangur hjá okkar krökkum.

Karlalið Hauka í handknattleik hefur leikið enn betur í ár en á síðasta ári og er nú sem stendur á toppi Olísdeildarinnar. Sérlega ánægjulegt að fá reynslumikla Haukastráka heim á ný eftir að atvinnumannaférlí er lokið til að leiðbeina og styrkja yngri leikmenn okkar félags.

Karlalið Hauka í körfunni varð fyrir mikilli blóðtöku nú í vor þegar 5 leikmenn ákváðu að róa á önnur mið. Besti leikmaður Hauka á síðasta tímabili, Kári Jónsson, fékk samning við eitt öflugasta félagslið Evrópu, Barcelona. Við Haukamenn erum mjög stoltir af því að eiga leikmann í svo stóru liði. Gengi liðsins á þessu tímabili hefur verið brösótt og er liðið nú sem stendur í 9. sæti Dóminósdeildarinnar, breytt útlendingaregla í deildinni hefur breytt stöðu liða verulega.

Kvennaliðið í handbolta er á sama stað og það endaði á síðasta tímabili eða í 4.sæti deildarinnar. Liðið virkar sterkara í ár en á síðasta ári og er það líklegt til að gera betur í ár en á síðasta ári.

Kvennaliðið í körfubolta varð eins og karlaliðið fyrir mikilli blóðtöku s.l. vor þegar Helena Sverrisdóttir ákvað að fara í atvinnumennsku og síðan við heimkomuna að koma ekki til baka í sitt félag að sinni. Miklar breytingar hafa orðið á styrkleika liða í kvennakörfunni eftir að Bosmann leikmenn eru orðnir gjaldgengir í liðum. Haukar hafa viljað byggja á sínum uppöldu leikmönnum í stað þess að vera með allt að 4 erlenda leikmenn í liðinu eins og nokkur dæmi eru um. Af þessum sökum er gengi stelpnanna í körfunni ekki jafngott og á síðasta ári og er liðið nú í 6. sæti.

Kvennalið Hauka í knattspyrnu spilaði í Innkasso deild kvenna í sumar og endaði liðið í 5. sæti deildarinnar sem eru nokkur vonbrigði þar sem liðið er hlaðið ungum og uppöldum knattspyrnukonum. Liðið hefur undanfarið verið að styrkja sig fyrir komandi tímabil og standa vonir til að liðið endurtaki leikinn frá sumrinu 2016 og vinni sér á ný keppnisrétt í deild þeirra bestu.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu sem einnig er hlaðinn ungum uppöldum Haukastrákum spilaði í Innkasso deildinni og endaði í 8. sæti. Liðið varð fyrir blóðtöku fyrir tímabilið þegar tveir af sterkustu leikmönnum þess skiptu um lið. Vonir um að liðið héldi sér í efri hluta Innkasso deildarinnar eins og undanfarin ár hurfu fljótt eftir að tímabilið hófst. Liðið hefur verið að styrkjast fyrir sumarið og eru vonir bundnar við að liðið komist á ný í efri hluta deildarinnar.



Hlauparar almenningsdeildar stóðu í ströngu í mörgum hlaupum innanlands sem utan á árinu. Deildin á orðið marga hlaupara sem eru í fremstu röð í langhlaupum hér á landi. Deildin stendur að nokkrum hlaupum á hverju ári en hvítasunnuhlaup deildarinnar er það lang stærsta sem vex í fjölda ár frá ári og er talið eitt af bestu hlaupum hvers árs og var hápunktur sumarsins.

Karatedeildin hefur vaxið á árinu og er ungt og efnilegt karate fólk að koma upp innan deildarinnar. Einn iðkandi deildarinnar náði þeim merka árangri á árinu að fá svarta beltið í Karate á síðasta ári sem er frábær árangur. Þá hefur ung karatekona, Hjördís Helga, náð í silfurverðlaun á mótum á árinu og náð að vinna sér sæti í landsliði Íslands á árinu. Vonir eru bundnar við að fleiri iðkendur deildarinnar verði í fremstu röð á næstu árum.

Mjög ánægjulegt var nú um áramótin að Sara Björk Gunnarsdóttir, uppalin Haukakona, hefði hlotnast sá heiður að vera útnefndur Íþróttamaður ársins. Haukafjölskyldan er mjög stolt af því að íþróttamaður ársins sé alinn upp innan félagsins. Aðalstjórn Hauka samþykkti einróma að sæma Söru Björk Gunnarsdóttur Silfurstjörnu Hauka.

Í vor var Ólafssalur tekinn í notkun og er salurinn alger bylting fyrir starf okkar Haukamanna þar sem við getum nú boðið iðkendum upp á mun betri æfingartíma og alla hér á Ásvöllum, niðurfelling æfingartíma er orðinn alger undantekning. Yngstu flokkar í knattspyrnu hafa fengið æfingartíma inni í salnum yfir harðasta veturinn fyrst um sinn. Mikil aukning hefur orðið í fjölda iðkenda eins og búist var við með komu salarins. Samkvæmt fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar er gert ráð fyrir að kaupa áhorfendabekki fyrir salinn sem mun auka enn á samnýtingu salanna þegar meistaraflokkar geta keppt í báðum sölunum.

Á árlegri viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar var Haukum veittur glæsilegur bikar frá ÍSÍ fyrir öflugt starf félagsins sem er mikil viðurkenning á því mikla og góða starfi sem unnið er innan félagsins.

Haukar eru frumkvöðlar í að reka frístundaheimili sem gengið hefur mjög vel frá upphafi. Mikil ánægja foreldra hefur verið með starfsemi. Allt frá upphafi hefur verið fullt út úr dyrum í starfsemi heimilisins. Biðlistar hafa verið þar sem ekki hefur verið hægt að taka við fleiri börnum. Að samtengja skóla og íþróttastarf er jákvætt fyrir félagið okkar þar sem börnin venjast og sjá fyrirmyndir sínar í íþróttum á hverjum degi í glæsilegu íþróttafólki okkar Hauka. Veruleg fjölgun iðkenda í yngri flokkum Hauka er meðal annars rakinn til starfsemi frístundaheimilisins.

Á þessu ári hefur verið unnið að undirbúningi að byggingu knattspyrnuhúss hér á Ásvöllum. Unnið er að breyttu deiliskipulagi fyrir Ásvelli og þá liggja fyrir fyrstu hugmyndir arkitekta að byggingunni. Hugmyndirnar eru mjög metnaðarfullar og gert ráð fyrir húsi sem er jafn stórt og stærstu knattspyrnuhús landsins þar sem meðal annars fyrir að keppa megi leiki í efstu deild. Þá er sérstaklega hugað að því tengja húsið með gluggum við náttúruna í nágrenni Ásvalla og hugað að því að hleypa dagsbirtu inn í húsið. Við Haukamenn ætlum ekki að tjalda til einnar nætur þegar kemur að uppbyggingu íþróttamannvirkja hér á okkar svæði heldur byggja upp af þeim metnaði sem fylgt hefur byggingu íþróttamannvirkja hér á Ásvöllum.



Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa á undanförunum árum sýnt gildi íþróttar og æskulýðsstarfi mun meir skilning en áður og ber að þakka fulltrúum í bæjarstjórn fyrir mikinn velvilja og stuðning við íþróttir í Hafnarfirði og þá sérstaklega hér á Ásvöllum.

B. Aðalstjórn Hauka

Aðalfundur félagsins var haldinn þriðjudaginn 27. mars í Samkomusalnum. Fundurinn var vel sóttur að vanda. Fundarstjóri var Lúðvík Geirsson og fundarritari Bjarni Hafsteinn Geirsson.

Kosningu í stjórn félagsins starfsárið 2018 hlutu:

Formaður Samúel Guðmundsson

Varaformaður Valgerður Sigurðardóttir

Gjaldkeri Guðborg Halldórsdóttir

Tilnefndir af deildum í stjórn félagsins:

Frá Handknattleiksdeild: Þorgeir Haraldsson og Elva Guðmundsdóttir

Frá Knattspyrnudeild: Ágúst Sindri Karlsson og Jón Björn Skúlason

Frá Körfuknattleiksdeild: Jónas Jónmundsson og Gísli H Guðlaugsson

Frá Almenningsíþróttadeild: Rannveig Hafberg

Frá Karatedeild: Kristján Ó Davíðsson

Frá Félagsráði: Bjarni H. Geirsson

Bragi Magnússon og Tóbías Sveinbjörnsson komu inn á árinu sem fulltrúar Körfuknattleiksdeildar og Soffía Helgadóttir kom í stað Rannveigar Hafberg.

Kosning skoðunarmanna ársreiknings: Viðar Jónsson og Ása Karen Hólm.

Stjórnin hélt 8 bókaða fundi á árinu.

Framkvæmdastjóri félagsins er Magnús Gunnarsson.

C. Starfsnefndir

Eftirtaldar starfsnefndir voru starfandi á árinu:

Minningar- og styrktarsjóður Hauka: Bjarni H. Geirsson, Björg Guðmundsdóttir og Katrín Jónsdóttir.

Framkvæmdanefnd með Hafnarfjarðarbæ um uppbyggingu Ásvalla: Samúel Guðmundsson, Þorgeir Haraldsson, Ingimar Haraldsson og Ágúst Sindri Karlsson. Magnús Gunnarsson starfar með nefndinni.

Fulltrúi félagsins í stjórn ÍBH: Magnús Gunnarsson

Fulltrúi félagsins í Afreksmannasjóði ÍBH: Samúel Guðmundsson



D. Leikjaskóli barnanna

Leikjaskóli barnanna er fyrir börn á aldrinum 2ja til 5 ára. Starfsemin er fyrir hádegi á laugardögum og hefur farið vaxandi undir stjórn Alberts Magnússonar og aðstoðarfólks.

E. Íþróttaskóli Hauka

Íþróttaskóli Hauka hefur verið starfræktur yfir sumartímann síðan 2007 og eru því sumrin orðin ellefu talsins. Frá byrjun hafa Haukar kappkostað að sýna þessu verkefni mikinn metnað og að allir finni eitt-hvað við sitt hæfi. Þegar lagt var af stað í byrjun lá ekki ljóst fyrir hvernig við ætluðum að fara að því að standa við þau stóru orð að bjóða upp á íþróttaskóla fyrir alla en með markvissri vinnu og með því að halda sama starfsfólkinu milli ára hefur okkur tekist að skapa íþróttaskóla sem getur staðið undir því að geta tekið á móti öllum.

Íris Óskarsdóttir og Emil Barja sáu um stjórn skólans þetta sumar og var íþróttaskólinn rekinn með svipuðu sniði og áður. Knattspyrnuskólinn starfaði í 9 vikur í sumar. Í júní og ágúst var boðið upp á knattspyrnu- handbolta- og körfuboltaskóla. Fyrir þau börn sem ekki höfðu áhuga á þessum íþróttum gátu þau sótt um fjölgreinaskólann sem boðið var uppá í allt sumar fyrir hádegi og eftir hádegi í júní og ágúst. Knattspyrnuskólinn var með nokkur sérnámskeið sem voru fjölbreytt og skemmtinleg.

Eins og síðustu átta sumur buðu Haukarnir uppá námskeið í júlí fyrir börn á aldrinum 3-6 ára þegar leikskólar bæjarins fóru í frí. Það er námskeið í anda Leikjaskóla barnanna og hefur það vakið mikla lukku og voru um 69 börn sem komu á þær þrjár vikur sem í boði voru. Það hafa til að mynda foreldrar úr öðrum bæjarfélögum nýtt sér enda sjaldgæft að íþróttafélög bjóði uppá námskeið fyrir þennan aldurshóp að sumri til. Fengum við mikið lof og hrós fyrir námskeiðið og foreldrar voru mjög sáttir með þetta framtak.

Starfsmenn íþróttaskólans sáu ekki aðeins um að leiðbeina börnum í íþróttum heldur einnig að halda útisvæðinu við Ásvelli hreinu og snyrtilegu. Gylfi Steinn Guðmundsson og Sverrir Þór Sverrisson stjórnðu því verkefni.

Haldið í horfinu.

Það var ákveðið fyrir sumarið að lækka verðið á námskeiðunum. Hálf vika lækkaði úr 6.000 kr í 5000 kr og heill dagur með hádegismat úr 14.000 kr í 12.500 kr. Þetta var gert til að athuga hvort aðsókn yrði betri ef verð væri lægra, og við erum viss um að það hafi verið rétt ákvörðun.

Nýir yfirmenn voru á flestum námskeiðum þetta sumar. Yfir knattspyrnuskólanum voru leikmenn meistaraflokks Hauka þeir Þórður Jón Jóhannesson og Gylfi Steinn Guðmundsson. Yfir Körfubolta-skólanum voru þeir Kári Jónsson, Arnór Breki Ívarsson og Hjálmar Stefánsson, allir efnilegir körfuknatt-leiksmenn og yfir handboltaskólanum voru meistaraflokksleikmennirnir Daníel Þór Ingason og Herbert Ingi Sigfússon. Yfir íþróttaleikskólanum var Birgir Magnús Birgisson. Í fjölgreinaskólanum var ákveðið að fara í smá tilraunastarfsemi þetta sumar, sú tilraun gekk út á það að leyfa yngra starfsfólkinu í íþróttaskólanum frá 16-20 ára að skiptast á að stjórna fjölgreinánámskeiðinu í sumar ásamt fullorðnum leiðbeinanda sem fylgdist með. Tilraunin gekk virkilega vel og var gaman að sjá nýjar hugmyndir og leiki



sem héldu námskeiðinu fersku í allt sumar. Einnig er þetta gríðarlega mikilvæg reynsla sem þessir unglingar fengu í stjórnun og skipulagi.

Allir þeir einstaklingar sem komu að stjórnun íþróttaskólans þetta sumar stóðu sig frábærlega og eru þessir einstaklingar fyrirmyndir yngri iðkenda og því gaman að fá krakka til að æfa undir þeirra handleiðslu.

Íþróttaskólinn skiptist í þrjá hluta

1. Íþróttaskóli fyrir börn á aldrinum 2-16 ára
2. Umsjón með íþróttasvæði og mannvirkjum Hauka að Ásvöllum
3. Skóli fyrir verðandi leiðbeinendur og íþróttamenn framtíðarinnar

Upprunalega markmiðið með íþróttaskólanum var að bjóða upp á fjölþætta íþróttþjálfun fyrir börn á aldrinum 6-12 ára en fljótlega gerðum við okkur grein fyrir því að ekki síður mikilvægt væri fyrir okkur að hlúa vel að unga fólkinu okkar, þ.e.a.s. unglingunum í 8.-10.bekk sem og þeim sem komnir eru í menntaskóla. Í Íþróttaskóla Hauka höfum við síðastliðinn 10 ár skólað til fjöldann allan af ungu fólki til að verða hæfari leiðbeinendur og að geta axlað ábyrgð. Nú í sumar fundum við vel fyrir því hvað við eigum orðið flottan hóp ungs fólks því margir voru á sínu 3.-10.sumri hjá okkur. Með þessu erum við að þjálfra upp þjálfara/leiðbeinendur framtíðarinnar hjá félaginu og er það ekki síður mikilvægt heldur en að félagið ali af sér afreksfólk.

Námskeiðin

Í íþróttaskólanum sumarið 2018 buðum við upp á eftirfarandi námskeið

1. Fótboltaskóli (6-12 ára) ½ dagur(4 vikur í júní og 2 vikur í ágúst)
2. Körfuboltaskóli (6-12 ára) ½ dagur(4 vikur í júní og 2 vikur í ágúst)
3. Handboltaskóli (6-12 ára) ½ dagur (4 vikur í júní og 2 vikur í ágúst)
4. Íþróttaleikskóli (2-5 ára) (starfræktur 3 vikur í júlí)
5. Fjölgreinaskól (6-12 ára) Heill dagur (starfræktur allt sumarið)
6. Sumaræfingar í körfubolta (12-16 ára) (starfræktar allt sumarið)
7. Sumaræfingar í handbolta (12-16 ára) (starfræktar allt sumarið)

Við bjóðum upp á gæslu foreldrum að kostnaðarlausu frá klukkan 08:00-09:00 alla daga en annars er dagskráin eftirfarandi:

Fyrir þá krakka sem voru á heilsdags námskeiði var innifalið í verðinu hjá þeim heitur matur frá Skólamat. Það var einnig í boði fyrir þá krakka sem voru aðeins hálfan daginn en fóru síðan beint á æfingu að kaupa aukalega hádegismat. Þetta fannst okkur nauðsynlegt fyrir krakkana sem eru jafnvel frá átta á morgnana til fjögur á daginn að fá heitan og næringarríkan hádegismat í staðinn fyrir að allir kæmu með sitt eigið nesti.



09:00-10:15	Prógramm 1
10:15-10:45	Nesti
10:45-12:00	Prógramm 2
12:00-13:00	Hádegismatur
13:00-14:15	Prógramm 3
14:15-14:45	Nesti
14:45-16:00	Prógramm 4

Yfirlit yfir starfsemi

Með öllum þessum námskeiðum höfum við reynt að sína metnað varðandi það að hirða vallarsvæði okkar svo sómi sé að. Þegar kemur að því að hirða velli og mannvirki er í mörg horn að líta og þar höfum við reynt að nýta okkur sérþekkingu starfsmanna okkar eins og kostur er. Eins og sjá má hefur íþróttasvæði Hauka tekið algerum stakkaskiptum og leyfi ég mér að fullyrða að það sé til fyrirmyndar.

Hér að neðan eru nokkur af þeim verkefnum sem við sinntum í sumar.

Umsjón með íþróttaskóla Hauka 2-16 ára
Fjölgreinaskóli
Körfuboltaskóli
Fótboltaskóli
Handboltaskóli
Íþróttaleikskóli 2-5 ára
Æfingar seinni partinn fyrir 12-16 ára
Gras sláttur
Brekkur
Rönd við leikvelli
Með trjám
Með fram vallarhúsi.
Áhorfendastæði
Beðahreinsun
Kantskurður við vallarhús
Snyrting á beði við vallarhús
Grjóthreinsun úr beðum og af grasi
Upptaka á blómareit við vallarhús
Snyrta beð á bílastæði
Grjóthreinsun úr brekku við mark
Verk í aðalhúsi
Þrif á áhorfendapöllum á íþróttahúsi
Þrif á eldhúsi og matsal
Þrif á gæslurými
Þrif á útileiksvæði
Móttaka
Tiltekt í áhaldageymslunni



Prif á harpix af rimlum og mörkum
Vallarhús
Prif á klósettum, sturtum, klefum, móttöku
Tiltekt í áhaldageymslunni
Útisvæði
Prif á varamannaskýlum
Hreinsun á steinum af gervigrasi
Prif á bílastæði

Samantekt

Eftir ellefu sumur er íþróttaskólinn í föstum skorðum og í honum eiga allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þetta er frábær starfsemi við allra hæfi hvort sem það eru íþróttakrakkar, börn úr hverfinu sem koma ný og kynnast því öflugra starfi sem Haukarnir bjóða uppá eða unglingar sem vilja fara á sumaræfingar í hand- og körfubolta.

Íþróttaskólinn er vel skipulagður, gott utanumhald var um tímamál starfsmanna, við bjóðum upp á dagskrá fyrir nánast alla, bjóðum upp á fjölbreytt námskeið, góðan hádegismat, höfum góða aðstöðu og góða starfsmenn

Allir krakkarnir sem sóttu námskeiðin virtust njóta sín og fara ánægð út eftir sumarið. Það sama getur verið sagt um starfsfólkið en mikill fjöldi sem sækir um að fá að starfa við íþróttaskólann á hverju sumri og það er mikill kostur að geta valið það starfsfólk í vinnu sem best hentar. Yfir sumarið var skráð niður hjá okkur vinnusemin og dugnaður hjá hverjum starfsmanni sem auðveldar okkur að velja starfsfólkið fyrir næsta sumar. Það starfsfólk sem vann best fær aftur vinnu næsta sumar ef það óskar þess en nýtt fólk verður fengið inn fyrir þá sem ekki stóðust lágmarks frammistöðu.

Höldum áfram að bæta okkur og gera gott betra.

Áfram Haukar.

Úr ársskýrslu Íþróttaskólans

F. Frístundaheimili Hauka

Á haustmánuðum 2014 tók frístundaheimili Knattspyrnufélagsins Hauka til starfa. Var þar meðal annars horft til þess hvernig mætti efla tengsl Hauka við skólasamfélagið og samþætta íþróttaiðkun og skólastarf.

Óhætt er að segja að rekstur frístundaheimilisins hafi gengið vel þann tíma sem það hefur starfað. Í vetur eru um 50 börn skráð í frístund hér á Ásvöllum og er það svipaður fjöldi og á liðnu ári.

Á vordögum 2018, var undirritaður nýr þjónustu- og samstarfssamningur um rekstur frístundaheimilisins milli Knattspyrnufélagsins Hauka og Hafnarfjarðarbæjar. Samningurinn kveður á um rekstur frístundaheimilis fyrir börn 6-9 ára og um gagnkvæmar skyldur Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka vegna rekstur þess. Með samningnum er mótuð stefna og umgjörð í starfi frístundaheimilisins á gildistíma samningsins. Um tilgang og forsendur segir m.a. í 2. grein samningsins að frítími



barna og fullorðinna sé dýrmætur og í vaxandi mæli sé það krafa foreldra að vinnutími barna verði samfelldari og að gæði frístundastarfs á vegum sveitarfélagsins taki mið af þörfum fjölskyldunnar fyrir samveru að vinnudegi loknum.

Með breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, 5. grein sem Alþingi samþykkti þann 16. júní 2016, er kveðið svo á um frístundaheimili: „Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.

Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.

Á frístundaheimilum gilda almenn ákvæði laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um öryggi og velferð barna, réttindi og skyldur, tilkynningarskyldu og ráðningarbann á grundvelli sakavottorðs.

Ráðuneytið gefur út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.

Sveitarfélög geta ákveðið að reka ekki frístundaheimili ef gildar ástæður eru fyrir hendi, t.d. staðbundnar aðstæður.

Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kærarlegar samkvæmt fyrirmælum 47. gr.“

Frístundaheimili er nú lögboðin þjónusta sveitarfélagsins og mikilvægur liður í uppeldi og reynslunámi barna. Markmið samningsins er að gefa Knattspyrnufélaginu Haukum tækifæri á að reka frístundaheimili fyrir börn í Hafnarfirði á aldrinum sex til níu ára og efla þannig valmöguleika bæjarbúa, styrkja innra starf íþróttafélagsins og gefa börnum kost á að samtengja betur frítíma sinn við íþróttaiðkun.

Ofangreind markmið hafa svo sannarlega náðst því börnin sem eru hjá okkur í frístundaheimilinu nýta sér þátttöku í öflugum íþróttastarfi félagsins og mæta á íþróttæfingar eða sinna öðrum áhugamálum þann tíma sem þau dvelja í frístundaheimilinu.

Á liðnu haust var tekin upp sú nýbreytni hjá Hafnarfjarðarbæ að bjóða upp á akstur frístundabíls, en frístundabíllinn sækir börnin í frístundaheimilin og er þeim ekið á ýmsa staði í bænum þar sem þeim gefst kostur á að stunda sínar íþróttæfingar. Nokkur börn í frístundaheimili Hauka, Haukaseli, nýta sér þessa þjónustu.

Aðstaða Frístundaheimilis Hauka er samkomusalurinn, stóri íþróttasalurinn, útisvæðið á Ásvöllum og svo hið náttúrulega svæði í nágrenninu.

Frístundaheimili Hauka er í boði fyrir grunnskólanemendur í 1. til 4. bekk Hraunvallaskóla. Börnin eru sótt í skólann og komið á Ásvelli, gangandi ef veður leyfir, annars með rútu. Starfsemi frístundaheimilisins er frá kl. 13:00 til kl. 17:00 virka daga og börnin fá síðdegishressingu kl. 14:15. Á skertum dögum skólans og starfsdögum er frístundaheimilið opið frá kl. 9:00.

Forstöðumaður frístundaheimilisins er Íris Óskarsdóttir, B.S. í Tómstunda- og félagsmálafræði, en auk Írisar starfa 4 aðrir starfsmenn við rekstur frístundaheimilisins.



Afreksskóli Hauka

Afreksskóli Hauka fagnaði 10 ára starfsafmæli sínu á árinu 2018. Frá upphafi hefur Kristján Ómar Björnsson haldið utan um starfið og langflestir af öllum uppöldum leikmönnum félagsins hafa fengið þar fjölbreytta þjálfun og fræðslu sem hjálpað getur ungum leikmönnum til þess að ná árangri bæði innan vallar sem utan. Starfið hefur alla tíð haldist með sama móti þar sem nemendur í 9. og 10. bekk sækja þrjár kennslustundir vikulega, þar af einn bóklegan tíma ásamt styrktaræfingu og einnig tækniæfingu í viðkomandi íþróttagrein. Nemendur í 8. bekk taka einungis þátt í sinni tækniæfingu. Skóla-
veturinn 2017 – 2018 sóttu samtals nákvæmlega 100 nemendur Afreksskólann. 1 úr karate, 46 í knattspyrnu, 30 úr handbolta og 22 úr körfubolta.

Úr ársskýrslu Afreksskólans

G. Skákdeild

Æfingar hjá skákdeildinni voru einu sinni á viku fyrri hluta árs til maíloka. Ekki reyndist unnt að hefja æfingar hjá þeim yngri í haust vegna þátttökuleysis og er það miður. Þjálfari hefur verið Páll Sigurðsson. Sveitir frá deildinni eru þó þátttakendur á Skákþingi Íslands eins og undanfarin ár. Formaður deildarinnar er Jón Þór Helgason.

H. Öldungaráð Hauka

Starfsemi Öldungaráðs vex fiskur um hrygg og hefur aldrei verið öflugri. Allt að 60 manns mæta á spila-
kvöldin sem haldin eru einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina þar sem menn una glaðir við spil og aðra skemmtan með góðum kvöldverði og njóta hvernar stundar.

Stjórn Öldungaráðs er þannig skipuð: Jóhanna Axelsdóttir formaður, Erna Mathiesen ritari, Ragnar Árnason gjaldkeri, Hrafn Helgason varaformaður og meðstjórnendur eru: Ármann Guðjónsson, Ragnheiður Sigurðardóttir, og Ragnhildur Jónsdóttir.

I. Íþróttahátíð Hauka

Það ríkir ávallt eftirvænting hjá Haukafólki síðasta dag ársins þegar kynnt eru úrslit í kjöri besta íþróttafólks okkar. Fjölmenni var í íþróttasalnum á hádegi Gamlársdags.

Tilnefningar hlutu eftirtalin:

Íþróttakona Hauka 2018

Sæunn Björnsdóttir – knattspyrna

Ragna Sigurðardóttir – almenningsdeild

Hjördís Helga Ægisdóttir – karate

Olga Árdís Sigurðardóttir – almenningsdeild

Póra Kristín Jónsdóttir – körfubolti

Maria Ines Da Silva Perera – handbolta

Íþróttakona Hauka 2018 – Póra Kristín Jónsdóttir



Íþróttamaður Hauka 20128

Stefán Georgsson – almenningsdeild

Björn Traustason – karate

Arnar Aðalgeirsson – knattspyrna

Kári Jónsson – körfubolti

Heimir Óli Heimisson – handbolti

Besti íþróttamaður Hauka 2018 – Kári Jónsson

Þjálfari ársins 2018

Freyr Sverrisson – knattspyrna

Gunnlaugur Sigurðsson - karate

Ingvar Þór Guðjónsson - körfubolti

Porkell Magnússon og Herbert Sigfússon – handbolti

Besti þjálfari ársins 2018 - Ingvar Þór Guðjónsson

Landsliðsfólk Hauka og þátttakendur í hinum ýmsu sérverkefnum sérsambandanna HSÍ, KSÍ og KKÍ 2018.

Glæsilegur hópur Haukafólks sem hefur aldrei verið fjölmennari en nú, rúmlega 160, steig fram og fékk viðurkenningu og hyllingu viðstaddra. Framtíðin er svo sannarlega björt hjá félaginu.

Þessari samkomu lauk síðan með léttum veitingum í boði aðalstjórnar félagsins.

J. Getraunaleikur

Getraunastarfsemin var gróskumikil sem fyrr. Um 30 sveitir taka þátt í leiknum sem leikinn er vetur og haust. Er það mál manna að kaffisopinn og góðar veitingar mildi skammdegisdryngann auk þess að flest vandamál heimsins verði hjóm eitt eftir að spekingar hópsins hafa brotið þau til mergjar.

K. Leiðin að ÍSÍ bikar

Knattspyrnufélagið Haukar var stofnað 12. apríl 1931 og hefur allt frá þeim tíma verið meðal öflugustu íþróttafélaga landsins. Á upphafsárum Hauka var það knattspyrnan sem átti hug og hjörtu Haukanna en síðar bættist við öflug starfsemi í handbolta og síðar körfubolta. Í dag er Haukar fjölgreinafélag þar sem leikin er knattspyrna, handbolti, körfubolti, karate, almenningsíþróttir, blak og skák. Á liðnu ári voru íþróttaiðkendur hjá Haukum samtals 2570 og hafði fjölgað um 359 frá fyrra ári.

Það má því segja að frá því að 13 ungir strákar stofnuðu knattspyrnufélagið Hauka 1931, með dyggri aðstoð séra Friðriks Friðrikssonar, hafi félagið sannarlega vaxið og dafnað.

Knattspyrnufélagið Haukar hefur ætíð lagt mikla áherslu á góða þjálfun og stuðning við yngri iðkendur félagsins og í íþróttanámskrá Hauka er það meginhlutverk Hauka að vinna að eflingu íþróttar og glæða áhuga almennings fyrir gildi íþróttar og virkja sem flesta til þátttöku í íþróttum og almennu félagsstarfi. Þá skal hafa að leiðarljósi að íþróttaiðkun skuli vera þroskandi bæði líkamlega, sálrænt og félagslega.



Með því móti má skapa aðstæður fyrir mun fleiri börn og unglinga til að njóta sín innan íþróttahreyfingarinnar.

Stefnt er að því að sjá iðkendum sem áhuga hafa á að ná langt á sviði afreka og keppni fyrir góðri þjálfun. Félagslegur stuðningur er einnig mikilvægur til að markmið afreksstefnunnar nái fram að ganga. Að sama skapi er gert ráð fyrir að þeir sem ekki velja afreksmennsku eða keppnisíþróttir fái tækifæri til að stunda íþróttir eða líkamsrækt við sitt hæfi.

Knattspyrnufélagið Haukar hefur komið sér vel fyrir á svæði félagsins á Ásvöllum, en félagið hefur þar til umráða um 15 ha. svæði. Íþróttamiðstöð Hauka á Ásvöllum var formlega vígð á 70 ára afmæli félagsins þann 12. apríl 2001. Með tilkomu nýju Íþróttamiðstöðvarinnar gjörbreyttist öll aðstaða félagsins og starfið eflist enn frekar með betri húsakosti og ört vaxandi íbúabyggð í Áslandi og á Völlum. 12. apríl sl. var síðan vígður nýr kennslu- og körfuboltasalur og nú eru viðræður milli félagsins og Hafnarfjarðarbæjar um byggingu knatthúss og er það von Hauka að knatthúsið verði byggt á næstu árum. Góð aðstaða, öflugir sjálfboðaliðar, gott starfsfólk og góðir þjálfarar hafa lagt grunn að góðu og öflugu íþróttastarfi. Geta Haukar státað af glæsilegu íþróttafólki, í yngri flokkum sem og í meistaraflokkum félagsins.

Knattspyrnufélagið Haukar vann marga góða sigra á árinu 2018. Félagið er með fjögur lið í efstu deild í meistaraflokkum kvenna og karla í handbolta og körfubolta. Meistaraflokkur kvenna í körfubolta varð Íslandsmeistari og meistaraflokkur karla í körfubolta varð deildarmeistari auk þess að spila í undanúrslitum Íslandsmótsins. Drengjaflokkur í körfu varð annað árið í röð Íslandsmeistarar.

Meistaraflokkar karla og kvenna í handknattleik léku til undanúrslita í Íslandsmóti og mfl. kvenna lék til úrslita í bikarkeppni HSÍ og 5. flokkur kvenna varð Íslandsmeistari.

Knattspyrnudeild félagsins er fjölmennasta deild innan vébanda Hauka og er þar margt efnilegra íþróttamanna og starf í yngri flokkum er þar í miklu blóma. Meistaraflokkar kvenna og karla spila í Inkasso deild og hefur árangur þeirra verið vel viðunandi.

Hjördís Helga Ægisdóttir sem æfir karate hjá Haukum, vann silfurverðlaun á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kumite og einnig silfurverðlaun á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kumite. Þá vann Hjördís Helga til tvennra verðlauna á Smáþjóðaleikunum sem haldnir voru í september sl.

Allt að eitt hundrað og fimmtíu einstaklingar sem stunda hinar margvíslegu íþróttagreinar hjá Haukum hafa á árinu tekið þátt í landsliðsverkefnum. Er ánægjulegt að sjá að þróttmikið íþróttastarf Hauka skilar slíkum árangri.

Almenningsíþróttadeild Hauka fagnaði 10 ára afmæli á haustmánuðum 2017. Deildin hefur verið afar virk á árinu og stuðlað að því að fjöldi fólks hefur dregið fram hlaupaskóna og hlaupið sér til ánægju í hverri viku. Má geta þess að 80 manna hópur á vegum almenningsíþróttadeildar fór til Munchen þar sem skokkað var og vinabönd treyst.

Þá er all stór hópur sem leggur stund á **blak**, en í boði eru sem stendur æfingar fyrir konur og karla, 18 ára og eldri. Nú eru iðkendur um 70 talsins.



Skákdeild hefur verið starfandi um margra ára skeið og hafa þar margir góðir skákmenn teft í gegnum árin. Deildin tekur fullan þátt í starfi skákhreyfingarinnar í landinu og hefur haldið úti mörgum sveitum í Íslandsmóti skákfélaga í gegnum árin.

Knattspyrnufélagið Haukar heldur úti öfluglu félagsstarfi fyrir eldri Haukamenn, **Öldungaráði**, og þar er margt gert sér til ánægju, haldin eru spilakvöld og gjarnan er farið í ferðir til skemmtunar og fróðleiks. Þá er **gönguhópur eldri borgara** mjög virkur, en í hverri viku er gengið um nágrenni Ásvalla. Er að jafnaði 40-60 einstaklingar sem eru virkir þátttakendur í gönguhópnum.

Knattspyrnufélagið Haukar hefur undanfarin ár boðið upp á metnaðarfullt afreksstarf sem samanstendur af **Afreksskóla Hauka**, fyrir 8.-10. bekkina og Afrekssviðs Hauka fyrir bæði framhaldsskólana og aðra metnaðarfulla íþróttamenn sem vilja meira. Aðsókn í ofangreint afreksstarf hefur verði mikil og eru Haukar afar stoltir af metnaðarfullu afreksstarfi sem greinilega hefur skilað sér í góðum íþróttamönnum og er gott veganesti fyrir lífið sjálft.

Knattspyrnufélagið Haukar hefur um nokkurra ára skeið staðið fyrir rekstri frístundaheimilis, **Haukasels**, að Ásvöllum. Frístundaheimilið er í boði alla virka daga fyrir grunnskólanemendur í 1. – 4. bekk. Börnin eru sótt í skólann og komið á Ásvelli. Frístundaheimilið opnar kl. 13:00 og lokar kl. 17:00. Börnin fá ávallt síðdegishressingu um kl. 14:10. Mörg af börnunum sem sækja frístundaheimilið eru einnig í íþróttum og aðstoða starfsmenn frístundaheimilisins börnin við að fara á tilteknum tíma til æfinga, hvort heldur er í fótbolta, handbolta eða körfu, hér á Ásvöllum. Nokkur þeirra fara síðan með frístundabíl á aðrar æfingar, en sú nýbreytni hefur verið í boði frá hausti.

Það hefur gefist afar vel að sameina skóla, frístund og íþróttir, þannig að samfella sé í skóla og íþróttastarfi og að börnin hafi lokið verkefnum dagsins er vinnutíma foreldra líkur.

Leikjaskóli barnanna er fyrir aldurinn 2-5 ára. Markmið leikjaskólans er að kynna iðkendum fyrir íþróttasalnum og áhöldum þar inni. Þá er farið í grunn hinna ýmsu greina ásamt grunnhreyfingum barna. Hér er lögð mikil áhersla á að iðkendur fái að njóta sín í faðmi forráðamanna sem eru með þeim allan tímann til halds og trausts. Leikjaskólinn hefur verið starfandi í mörg ár og notið mikill vinsælda.

Auk þess að standa fyrir öflugri og fjölbreyttri íþróttastarfsemi eru nú 5 skólar með íþróttakennslu í íþróttamiðstöðinni á Ásvöllum. Lætur nærri að um 4 þúsund nemendur komi í viku hverri yfir vetrarmánuðina á tímabilinu frá kl. 08:00 -15:00. Mörg af þessum ungmennum stunda síðan íþróttir hjá Haukum. Þá standa Haukar fyrir íþróttanámskeiðum af margvíslegum toga yfir sumarmánuðina sem hundruð barna sækir.

Hér að ofan er stiklað á stóru í rekstri eins af öflugustu íþróttafélögum landsins. Knattspyrnufélagið Haukar horfir fram á spennandi tíma í ört vaxandi íbúabyggð og til þeirra framkvæmda sem áformuð eru hér á Ásvöllum. Knattspyrnufélagið Haukar byggir á traustum grunni þeirrar hugsjónar sem ungu drengirnir og lærifaðir þeirra lögðu til við stofnun félagsins fyrir tæpum 90 árum.



L. Verklegar framkvæmdir

Umfangsmestu framkvæmdir á Ásvallasvæðinu frá því að Ásvellir voru byggðir standa nú yfir. Lokið er að mestu við nýjan íþróttasal og þá fer mikil vinna í að undirbúa byggingu á knatthúsi. Um þessar framkvæmdir er nánar fjallað hér á eftir. Þó að unnið sé að svo miklum framkvæmdum á svæði Hauka eins og nánar er vikið að hér á eftir þá eykst á hverju ári þörf á viðhaldsaðgerðum á Íþróttamiðstöðinni hér að Ásvöllum. Komið er að töluverðu viðhaldi á húsinu til að varna frekari skemmdum. Fyrir nokkru síðan hefði þurft að hefja vinnu við múrviðgerð á húsinu sem og að mála múrhúðaða fleti, þá eru nokkrir lekar frá þaki yfir aðkomusal, anddyri og aðstöðu starfsfólks sem koma þarf í veg fyrir. Þá er fyrir nokkru kominn tími til að yfirfara hellulagnir og malbik við húsið ásamt að hreinsa lóðina við húsið. Haukar hafa ítrekað bent á þessar nauðsynlegu viðhaldsaðgerðir en lítið hefur verið aðhafst undanfarin ár sem er mjög miður fyrir okkar glæsilegu mannvirki

Nýr salur

Á árinu var unnið að því að undirbúa útboð á kaupum á áhorfendabekkjum í Ólafssal. Við nánari hönnun á áhorfendabekkjum náðist að auka fjölda áhorfendasæta í salnum töluvert frá þeirri frumhönnun sem arkitektar hússins höfðu gert. Jafnframt var útfærð aðstaða fyrir sjónvarpsupptökur í salnum og bætt við sérstökum pöllum fyrir sjónvarpsupptökur. Nú í byrjun þessa árs voru tilboð opnuð í áhorfendabekkina sem reyndust nokkuð hærrí en fyrstu óformlegu tilboðin sem Haukar höfðu fengið sem m.a. skýrist af fleiri sætum og sjónvarpspöllum. Ákveðið hefur verið að setja áhorfendabekki upp á tvær hliðar salarins fyrir næsta keppnistímabil og við enda salarins á árinu 2020. Fjárfesting Hafnarfjarðarbæjar í áhorfendabekkjum á þessu ári er tæpar 50.m.kr.

Ólafssalur mun verða besti keppissalur landsins fyrir körfuknattleik á landinu eftir að áhorfendabekkir hafa verið settir upp í honum. Allir sem koma í salinn eru á einu máli um að salurinn er mjög vel heppnaður í alla staði og eiga hönnuðir hans og Hafnarfjarðarbær mikið hrós skilið fyrir það hvernig til hefur tekist.


Knatthús

Framkvæmdanefnd um uppbyggingu Ásvalla hefur starfað ötullega á árinu við að undirbúa byggingu knatthúss á Ásvöllum. Fyrir Hauka sitja í nefndinni Ágúst Sindri Karlsson og Samúel Guðmundsson ásamt að Magnús Gunnarsson hefur starfað með nefndinni. Nefndin hefur látið frumhanna glæsilegt knattspyrnuhús með áhorfendasvæðum og búningsaðstöðu. Á mynd hér að neðan má sjá hvernig húsið mun líta út. Rauð bygging næst íþróttasölum Ásvalla mun hýsa búningsaðstöðu í framtíðinni. Á lokastigum vinnu framkvæmdanefndarinnar voru bílastæði sem eru á milli knatthússins og gervigrasvallar færð samhliða húsinu.



Nefndin hefur látið vinna deiliskipulag af svæðinu þar sem auk knattússins hefur verið skipulögð íbúðabyggð allt að 100 íbúðir á landi Hauka. Nú nýverið var samþykkt í bæjarstjórn að auglýsa deiliskipulagið. Samkvæmt samningi við Hafnarfjarðarbæ munu tekjur af sölu byggingarréttar íbúða renna óskiptar til uppbyggingar íþróttamannvirkja á Ásvöllum

Knattúsið er af sömu stærð og Fífan í Kópavogi og hafa hönnuðir gert tillögur að húsinu sem miða að því að nýta sem best dagsljós inn í bygginguna. Á mynd hér að neðan má sjá hvernig hönnuðir hugsa sér að náttúran við Ásvelli fái notið sýn í gegnum glugga á húsinu.



Vonast er til að á næsta ári verði hafist handa við byggingu knattússins.



M. Minningar- og styrktarsjóður Hauka

Minningarsjóðurinn var stofnaður 1977 af ættingjum Garðars S. Gíslasonar og hét þá Minningarsjóður Garðars S. Gíslasonar. Var hann sameinaður undir núverandi nafni 1995. Tekjur sjóðsins eru frjáls fram-lög einstaklinga og stuðningsaðila.

Einn styrkur var greiddur á árinu til þjálfaramenntunar. Stjórn sjóðsins skipa Bjarni H. Geirsson, Katrín Jónsdóttir og Björg Guðmundsdóttir.

N. Félagsráð Hauka

Félagsráð hefur m.a. haft á hendi innheimtu árgjalda sem runnið hafa til styrktar barna- og unglingsstarfi félagsins.

O. Rekstrarfélag Hauka ehf.

Aðalfundur Rekstrarfélags Hauka ehf. var haldinn 31. maí 2018.

Stjórn Rekstrarfélagsins skipa eftirtalin:

Aðalmenn

Þorgeir Haraldsson, formaður

Guðborg Halldórsdóttir

Jón Erlendsson

Jónas Jónmundsson

Valgerður Sigurðardóttir

Varamenn

Gerður Guðjónsdóttir

Halldór Jón Garðarsson

Valdimar Óskarsson

Framkvæmdastjóri Rekstrarfélagsins er Magnús Gunnarsson.

P. Haukar í horni – stuðningsmenn

Haukar í horni er stuðnings- og styrktarklúbbur sem einstaklingar og fyrirtæki geta gerst aðilar að. Stofnað 1990 til styrktar komu tékkneska handboltamannsins Petr Baumruk. Í upphafi og fyrstu árin var starfsemin á vegum Handknattleiksdeildar en fyrir nokkrum árum var starfsemin sameinuð öðrum deildum félagsins. Í dag geta menn tengst þeirri deild er þeir kjósa og rennur þá mánaðargjaldið til þeirrar deildar. Tekjum er ráðstafað m.a. til barna- og unglingsstarfs og ýmissa brýnna verkefna hverju sinni. Í dag eru meðlimir Hauka í horni rúmlega 300 og greiða þeir mánaðarlegt gjald til klúbbsins. Stöðugt er leitast við að efla og styrkja þennan mikilvæga hóp.

Helstu markmið Hauka í horni eru:

- **Að styrkja og efla félagsandann innan Hauka – virkja Haukahjartað**
- **Að styðja félagið í blíðu og stríðu**
- **Að halda úti öflugum meistaraflokkum**
- **Að vera leiðandi í öflu innra starfi**



Q. Almenningsíþróttadeild

Skokkhópur Hauka hefur vaxið og dafnað undanfarin ár, frá því að vera grasrótahreyfing byggð á hugsjónum eldhugans Sigríðar Kristjánsdóttur í það að vera öflug deild, með þjálfurum og með um 150 iðkendum á aldrinum 22 til 79 ára.

Ný stjórn tók við á vordögum 2018 og hana skipa Rannveig Hafberg formaður, Hreiðar Júlíusson varaformaður, Anna Bára Gunnarsdóttir gjaldkeri, Stefán Georgsson og Soffía Helgadóttir meðstjórnendur.

Skokkhópurinn æfir þrisvar sinnum í viku, á mánudögum, miðvikudögum klukkan 17:30 og á laugardögum kl. 9:00. Æfingar hefjast í anddyri Ásvalla. Hópurinn er með einn þjálfara, Hreiðar Júlíusson en auk hans hafa verið ráðnir inn þjálfarar tímabundið m.a. til að stýra nýliðanámskeiðunum. Nýliðanámskeiðið, sem stendur í átta vikur er mikilvægur þáttur í starfi Skokkhópsins og í ár mættu 45 til leiks og hluti af þeim hefur haldið áfram að hlaupa með hópnum.

Hvítasunnulaup Hauka og Sportís er stærsta verkefnið sem hópurinn stendur að. Þetta er utanvegahlaup þar sem hlaupið er um uppland Hafnarfjarðar. Boðið er upp á þrjár vegalendir, 14 km, 17.5 km og 22 km. Í fyrra var hlaupið haldið í sjötta sinn. Met þátttaka var og alls tóku um 400 hlauparar þátt. Umfang og skipulag í kringum svona hlaup er mikið og ekki hægt að standa að þessu án mikillar sjálfboðavinnu félaganna og góðu samstarfi Hafnarfjarðarbæjar, Haukanna og Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Allt frá upphafi hefur Skokkhópur Hauka látið hluta af ágóða hlaupsins renna til Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og í fyrra nam sá styrkur 200.000 kr.

Við áttum í fyrsta sinn landsliðsfulltrúa, en Hildur Aðalsteinsdóttir var valin í landsliðið í utanvegahlaupum fyrir Íslands hönd. Hún keppti á heimsmeistaramótinu í utanvegahlaupum á Spáni í maí og stóð sig með mikilli þrýði og er frábær fyrirmynd fyrir alla hlaupara. Hún hélt síðan kynningu fyrir hópinn þar sem hún fór yfir undirbúninginn fyrir hlaupið og síðan hlaupið sjálft sem var 85 km. fjallahlaup, haldið í Castellon héraðinu á Spáni. Kynningin fór fram á sumarhátíð hópsins sem er skemmtileg nýjung hjá okkur og svo sannarlega komin til að vera.

Við fjölmenntum í Reykjarvíkurmaræðni að vanda sem má segja að sé uppskeruhátíð allra hlaupara og á eftir fögnuðum við að sjálfsögðu í heimabæ, á veitingastaðnum Krydd.

Í byrjun september stóð til að fjölmenna til Vestmannaeyja og taka þátt í hlaupi þar en því miður þurfti að aflýsa þeirri ferð vegna veðurs. Við stefnum ótrauð á að fara þangað á næsta ári. Auk þess áttum við fulltrúa í fjölmörgum hlaupum um allt land.

Í október fór 80 manna hópur til Munchen til að taka þátt í hlaupahátíð þar. Flestir fóru heilt og hálftr maræðni en hluti hópsins fór 10 km. Veðrið var frábært, sem er ekki endilega það sem hlauparar sækjast eftir á hlaupadegi, logn, heiðskýrt og 25 stiga hiti. Flestir þurftu því að hlaupa mun hægar en til stóð og einhverjir lentu í vanda vegna hitans. En heilt yfir var upplifunin frábær og allir fögnuðu vel um kvöldið. Stefnt er á næstu utanlandsferð árið 2020.

Í haust fengum við góða heimsókn, Elísabet Margeirsdóttir ofurhlaupari kom og kynnti fyrir okkur undirbúning sinn fyrir 400 kílómetra hlaup í Góbí-eyðimörkinni í Kína.



Í nóvember var uppskeruhátíð Skokkhópsins sem að þessu sinni var haldin í Golfskála GKG. Fjórið byrjaði strax um morguninn með óhefðbundinni æfingu sem hófst í Kópavogi. Hlauparar voru sendir út um allar trissur að leysa hin ýmsu verkefni en enduðu æfinguna svo í pizzaveislu og gleði. Um kvöldið var mikill fögnuður, frábær skemmtiatriði og dansað. Um kvöldið var einnig tilkynnt um íþróttamenn ársins, en að þessu sinni voru þeir þrír. Árdís Olga Sigurðardóttir, Elín Sigurðardóttir og Stefán Georgsson. Rafn Ingólfsson var valinn nýliði ársins.

Undanfarin ár hefur skokkhópurinn haldið Kirkjuhlaupið annan í jólum í samstarfi við Ástjarnakirkju. Byrjað var á stuttri hlaupamessu en svo var hlaupið milli kirkna í Hafnarfirði og út að Garðakirkju. Eftir hlaup var boðið upp á kakó og hlaðborð. Eins og venjulega var vel mætt af hlaupafélögum víðs vegar að á höfuðborgarsvæðinu.

Hlaupaárinu lauk á Gamlárshlaupi skokkhópsins. Þetta er lítið gleðihlaup fyrir félagana. Allir mæta í búningi og síðan er hlaupið um bæinn og áður en allir fara til síns heima er skálað fyrir árinu sem var að líða.

R. Knattspyrnudeild

Knattspyrnusumarið 2018 gekk í heildina ágætlega þar sem meistaraflokkar félagsins tefldu fram ungum og efnilegum leikmönnum.

Fjöldi drengja og stúlkna í knattspyrnudeild Hauka tóku þátt hæfileikamótun, úrtaksæfingum og verkefnum á vegum KSÍ árið 2018 þannig að framtíðin er björt.

Ljóst er að þörfin fyrir knattspyrnuhús á Ásvöllum hefur aldrei verið meiri. Knattspyrnudeild Hauka er fjölmennasta deild félagsins og þar sem Haukar eru staðsettir við eitt stærsta og nýjasta íbúahverfi Hafnarfjarðar, ásamt því að margir iðkendur félagsins koma einnig m.a. úr Áslandi, Hvammahverfi og af Holtinu, þá þarf að reisa knatthús hið fyrsta. Haukar þurfa að vera samkeppnishæfir við nágrannafélög og keppinauta hvað aðstöðu varðar.

Nefnd á vegum bæjarins með fulltrúum Hauka er starfandi þar sem unnið er að skipulagi og hönnun. Markmiðið er að risið verði knatthús á Ásvöllum árið 2021 þegar Knattspyrnufélagið Haukar fagnar 90 ára afmæli.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla hafnaði í 8. sæti Inkasso deildarinnar. Þjálfarateymi liðsins voru þeir Kristján Ómar Björnsson og Hilmar Trausti Arnarson og verða þeir áfram með liðið.

Á komandi tímabili verður áherslan lögð á unga og efnilega leikmenn Hauka ásamt því sem liðið verður styrkt með nokkrum öflugum leikmönnum. Þess má geta að Ásgeir Þór Ingólfsson er kominn aftur heim á Ásvelli sem mun án efa styrkja liðið. Það verður því spennandi að fylgjast með okkar strákum í sumar.

Arnar Aðalgeirsson var valinn besti leikmaður sumarsins og Ísak Jónsson var valinn sá efnilegasti að mati leikmanna.

Arnar var svo valinn knattspyrnukarl sumarsins en stjórn knattspyrnudeildar Hauka auk heimaleikjaraða kemur að því vali.



Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna spilaði einnig í Inkasso deildinni og hafnaði í 5. sæti. Þjálfarateymi liðsins voru þau Jakob Leó Bjarnason og Guðrún Jóna Kristjánsdóttir og verða þau áfram með liðið.

Áfram er byggt á uppöldum leikmönnum og þá hefur liðið verið styrkt með völdum leikmönnum til að styrkja ákveðnar stöður og efla breidd.

Sunna Líf Þorbjörnsdóttir var valin besti leikmaður sumarsins og Þórdís Elva Ágústsdóttir sú efnilegasta.

Sæunn Björnsdóttir var valin knattspyrnukona sumarsins en stjórn knattspyrnudeildar Hauka auk heimaleikjaraða kemur að því vali.

Barna- og unglिंगastarf

Knattspyrnudeild Hauka hefur um árabíl lagt mikla áherslu á að innan deildarinnar starfi öflugir þjálfarar sem búi yfir menntun frá KSÍ. Það hefur nú þegar skilað ungum og efnilegum leikmönnum upp í meistaraflokka félagsins sem og í yngri landslið Íslands. Næsta skref er að tryggja betri æfingaaðstöðu sem knattspyrnuhús myndi án efa gera eins og áður greinir.

Barna & unglिंगaráð stúlkna

Eins og alltaf var knattspyrnutímabilið skemmtilegt og fjörugt hjá Haukastelpum. Þátttaka stúlkna í fótbolta er alltaf að verða meiri og meiri og fögnum við því sérstaklega.

8. flokkur

8. flokkur tók þátt í nokkrum litlum hraðmótum yfir vetrartímam og sáust miklar framfarir á milli verk efna. Hápunktur sumarsins var þátttaka í Arion banka mótinu hjá Víkingum og sást þar bros á hverju andliti.

7.flokkur

Í 7. flokki var farið á nokkur minni mót yfir vetrartímam. Sumarið hófst með þátttöku á TM móti Stjörnunna. Í júní gisti flokkurinn saman á Ásvöllum og tók svo þátt í móti hjá vinum okkar í FH daginn eftir. Mikið fjör. Hápunktur sumarsins var þátttaka í Síamótinu í Kópavogi þar sem stelpurnar stóðu sig frábærlega og unnu til verðlauna.

6. flokkur

Eftir þátttöku í minni mótum yfir vetur og vor hófst keppnistímabilið á frábæru Lindexmóti á Selfossi. Haukar sendu þrjú lið til keppni og unnu þau öll til verðlauna á mótinu auk einstaklingsverðlauna. Landsbankamótið á Sauðárkróki er alltaf skemmtilegt og náðu Haukastelpur góðum úrslitum á móti sterkum liðum. Hápunktur hvers sumars í 6. flokki er Síamótið í Kópavogi. Haukastelpur voru sjálfum sér og félagi sínu til sóma á mótinu, unnu til verðlauna en umfram allt sýndu þær íþróttamannslega framkomu innan og utan vallar.

5. flokkur

5. flokkur kvenna sendi þrjú lið til keppni í Íslandsmóti og komst A liðið í úrslitakeppnina þar sem stelpurnar spiluðu hörkuleiki. Flokkurinn fór að sjálfsgöðu á TM mótið í Vestmannaeyjum sem er alltaf ævintýrleg upplifun. Þar gekk stelpunum ljómandi vel og enduðu tvö lið á verðlaunapalli. Á Síamótinu í Kópavogi átti flokkurinn ánægjulega daga, sumar að keppa í sjötta og síðasta sinn á Síamóti



og fylgja því blendnar tilfinningar. Stærsti sigurinn í sumar má þó segja að hafi verið mikil fjölgun iðkenda í flokknum.

4. flokkur

4. flokkur stúlkna brá sér út fyrir landsteinana og tóku þátt í Norway Cup í Osló. Haukar skráðu tvö lið til leiks á mótinu og unnu bæði lið sína riðla og komust þar með í A úrslit. Annað liðið féll svo út í 16 liða úrslitum og hitt í 8 liða úrslitum sem verður að teljast frábær árangur á einu stærsta móti í heimi. Auk þess að spila fótbolta kynntust leikmenn höfuðborg þeirra Norðmanna og eru nú miklir heimsborgarar. Upp úr stendur þó frábær samvera og þétt liðsheild sem myndast þegar svona frábær hópur gistir saman í átta nætur á vindsængum í skólastofu.

3. flokkur

3. flokkur kvenna sýndi miklar framfarir á keppnistímabilinu og er óhætt að segja að þær séu komnar í hóp bestu liða landsins. Hápunktur sumarsins var þátttaka á ReyCup í Laugardalnum þar sem stelpurnar sýndu allar sínar bestu hliðar og léku til úrslita á sjálfum Laugardalsvelli. Þvílík stemning bæði í leikmannahópnum sem og á meðal áhorfenda enda ekki á hverjum degi sem maður spilar á Laugardalsvelli.

Sumarið hjá Haukakonum var í heildina virkilega gott. Færir og metnaðarfullir þjálfarar, foreldrar sem láta sig málin varða og iðkendur sem ætla sér langt er blanda sem getur ekki klikkað.

Barna & unglingaráð drengja

Tímabilið einkenndist af miklum krafti í starfinu þar sem iðkendur og þjálfarar unnu að framförum knattspyrnunnar innan Hauka. Árangur var viðunandi og raunar flestir flokkar að skila ansi góðum árangri undir lok tímabilsins. Mestu skiptir þó að iðkendur séu að ná framförum og líði vel í leik og starfi innan knattspyrnudeildarinnar.

7. flokkur

Í 7. flokki var farið á Norðurálmótið á Akranesi og stóðu okkar menn sig mjög vel. Keppni í þessum aldursflokki er ekki allt heldur meira lagt upp úr því að kenna leikinn. Hins vegar er ljóst að nokkrir leikmenn okkar láta sér ekki segjast og keppa af miklum móð hvort sem um er að ræða æfingar á Ásvöllum eða Norðurálmót á Akranesi.

6. flokkur

Óhætt er að segja að Orkumótið í Vestmannaeyjum sé eitt allra skemmtilegasta knattspyrnumót sem ungir knattspyrnukappar fá að taka þátt í. Engin undantekning var hér á ferðinni og átti 6. flokkur góða daga á góðu Orkumóti í Vestmannaeyjum. Fóru því okkar fulltrúar með bros á vör í Herjólf á leið sinni frá Eyjum til Ásvalla þar sem æft var af miklum móð út sumarið. Flottir iðkendur hér á ferð!

5. flokkur

Annað stærsta verkefnið hjá 5. flokki var N1-mótið á Akureyri þar sem okkar menn enduðu í 10. sæti meðal A-liða og léku til úrslita meðal E-liða. Þegar í Íslandsmótið kom þá enduðu tvö lið í úrslita-keppninni þ.e. A-lið og D-lið. Það var síðan einungis eitt mark sem gerði það að verkum að okkar strákar komust í úrslit fjögurra bestu liða landsins. Svona er þetta oft á þessum aldri. Stöngin inn eða stöngin út. Heilt yfir var góður bragur á öllum okkur liðum í 5. flokkum og staðfesting á góðu starfi innan knattspyrnudeildar Hauka.



4. flokkur

4. flokkur er einn okkar stærsti og efnilegasti flokkur Hauka. Það kom því engum á óvart að flokkurinn komst í úrslitakeppni Íslandsmótsins og það í öllum liðum, A, B og C. Þá gekk öllum liðum vel á REY-Cup. Þar náði A-liðið fínnum árangri og endaði 3ja sæti eftir 1-2 tap í undanúrslitum gegn yngra liði enska úrvalsdeildar félagsins FC Fulham. Fjölmargir efnilegir leikmenn skipa þennan flokk sem þegar eru farnir að vekja umtalsverða athygli innan sem utan Hauka.

3. flokkur

Sumarið gekk upp og ofan í 3. flokki en markmiðið, að fara upp um deild, gekk ekki upp og endaði liðið um miðja deild. Liðið átti hins vegar fína leiki inn á milli og liðið að ná framförum þó stigasöfnunin hafi ekki alltaf verið eins og óskað var eftir. Þess ber að geta að síðasta sumar lék í 3. flokki einn efnilegasti leikmaður Hauka, Kristófer Jónsson, og náði hann að spila landsleiki á árinu fyrir yngri landslið Íslands!

2. flokkur

2. flokkur fylgdi eftir árangri frá fyrra tímabili er þeir urðu hlutskarpastir í B. riðli og tryggðu sæti sitt meðal bestu liða á Íslandi í A.riðli. Eins og gefur að skilja blés stundum á móti en þegar yfir lauk höfðu okkar menn náð nægilega mörgum stigum til að halda sér í efstu deild og oftast en ekki komu þau stig gegn liðum í efri hluta deildarinnar. Þá var B-liðið að spila fínan fótbolta og náði enn betri árangri í sínum riðli! Vel gert 2. flokkur!

Heilt yfir viðunandi árangur að iðkendur nái framfaraskrefum í sinni íþrótt með þjálfara í fremstu röð á Íslandi!

Annað í starfinu

Haldinn var í fyrsta sinn Knattspyrnuskóli PSV Eindhoven í góðu samstarfi við Hollandsmeistara PSV. Tveir hollenskir þjálfarar úr knattspyrnuakademíu PSV Eindhoven komu til landsins og kenndu ungum iðkendum lykilatriði knattspyrnunnar. Þessi frumraun okkar tókst mjög vel og var skólinn uppseldur er tveir 30 manna hópar fylltu Ásvelli fyrir og eftir hádegi. Skoðanakönnun meðal foreldra og forráðamanna sem fylgdi í kjölfarið staðfesti að mjög vel tókst til með þessa frumraun og verður þetta verkefni því endurtekið í sumar. Hér ber sérstaklega að þakka öllum þeim þjálfurum knattspyrnudeildar Hauka sem lögð hönd á plóg sem sjálfbóðaliðar í þágu deildarinnar. Hér ber að taka hattinn ofan fyrir þessum þjálfurum með Haukahjartað á réttum stað!

Fjölmargir iðkendur fengu tækifæri í æfingahópum og yngri landsliðsverkefnum og má þar nefna einn okkar efnilegasta leikmann, Kristófer Jónsson.

Fyrir tímabilið 2019 voru ráðnir inn þrír framúrskarandi þjálfarar en það eru þau Ragnheiður Berg, Luka Kostic og Chanté Sandiford og bætast þau í hóp þeirra hæfu þjálfara sem félagið hefur á að skipa. Einnig voru ráðnir margir efnilegir aðstoðarþjálfarar. Það er einmitt eitt af helstu gildum barna- og unglingsstarfsins að vera ávallt með þjálfara í fremstu röð og gera þannig betur ár frá ári og efla barna og unglingsstarf knattspyrnudeildar Haukar!



S. Handknattleiksdeild

Starfið hjá okkur í handboltanum á starfsárinu sem er að líða hefur verið hefðbundið en öll æfinga-aðstaða þó batnað til muna með tilkomu Ólafssalar.

Þegar þetta er skrifað eru meistaraflokksliðin okkar öll í fremstu röð.

Kvennaliðið er í þriðja sæti og nánast öruggt inn í 4 liða úrslitakeppni sem hefst 16. apríl n.k..

Karlaliðið er í efsta sæti nú þegar 5 umferðir eru eftir og öruggt með heimaleikjarétt í 8 liða úrslitakeppninni.

Því miður náðu hvorugt meistaraflokksliða okkar að tryggja sér þátttöku í úrslitakeppni Coca-Cola bikarsins „final4“ þetta árið og er það miður.

Ungmennalið karla sem leikur í næstefstu deild er í 2 sæti þegar 4 umferðir eru eftir af þeirra deild.

Starf yngri flokka hefur verið gott það sem af er ári en samt ljóst að gera þarf átak til að fjölga iðkendum og er þar helsta vandamál skörun æfingatíma milli deilda félagsins okkar.

Árangur hefur verið góður og mikill efniviður sem vonandi kemur til með að styðja þau markmið okkar að byggja liðin okkar að mestu leiti á uppöldum leikmönnum Hauka.

Nú um helgina eignuðumst við Bikarmeistara í 4 fl. kvenna sem unnu frækinn sigur í Laugardalshöll.

Eins og greint var frá í síðustu skýrslu var gengið frá ráðningu Arons Kristjánssonar og hóf hann störf hjá deildinni sem Framkvæmdarstjóri íþrótt- og markaðsmála. Hann sinnir starfinu samhliða starfi landsliðsþjálfara Bahrein og hefur reynsla okkar það sem af er verið mjög góð.

Vorið 2018 var okkur ekki gjöfult í meistaraflokkum félagsins, bæði liðin féllu út í undanúrslitum þannig að engir titlar unnust í efsta flokki þetta árið. Við eignuðumst Íslandsmeistara í 4 fl. kvenna yngri og 5. fl. kvenna eldri.

Nú fram undan er úrslitakeppni Íslandsmótsins sem verður vonandi skemmtileg og eru væntingar um að landa titli í ár miklar.

Það eru skýr markmið okkar hér eftir sem hingað til að efla starfið á öllum sviðum, að gera stórátak til að efla almennt félagstarf yngri sem eldri.

T. Körfuknattleiksdeild

Árið 2018 var gott ár hjá körfuknattleiksdeildinni. Báðir meistaraflokkarnir unnu titla á árinu og blómlegt starf var í yngri flokkum. Áfram sem áður vinnur fjölbreyttur mannskapur að verkefnum deildarinnar og eiga þeir einstaklingar mikinn heiður skilinn enda mest allt unnið í sjálfboðavinnu. Það má hins vegar alltaf blómum við sig bæta og hvetjum við alla þá sem hafa áhuga á starfinu og skemmtilegum félagsskap að bjóða sig fram.

Nýr salur, Ólafssalur, var tekinn í notkun til æfinga á árinu en ekki tókst að gera hann tilbúinn fyrir keppni. Þar vantar enn áhorfendapalla en Hafnarfjarðarbær og Haukar hafa unnið saman í því að koma þeim í rétt ferli og stefnt er að því að taka þá í notkun 1. júlí 2019. Þessi salur er deildinni gríðarlega mikilvægur og mun eflaust reynast vel sem keppnissalur.

Jónas Jónmundsson hóf árið sem formaður deildarinnar en varð að stíga frá vegna anna. Bragi Hinrik Magnússon tók við stöðu formanns, Tóbías Sveinbjörnsson er varaformaður og Guðmunda Matthíasdóttir er gjaldkeri.

Til viðbótar hófust Special Olympics æfingar til þess að efla þátttöku krakka með sérparfir í íþróttum og hafa þessar æfingar bæði vakið athygli og mælst afskaplega vel fyrir. Kristinn Jónasson stýrir þessu verkefni af miklum myndarskap.

Kvennaliðið varð Íslandsmeistari á árinu undir stjórn Ingvars Þórs Guðjónsonar, sem jafnframt var valinn þjálfari ársins hjá Haukum. Þar að auki var Þóra Kristín Jónsdóttir valin íþróttakona ársins. Deildin er virkilega stolt af þessum árangri enda er liðið byggt upp á ungum og hæfileikaríkum leikmönnum og góður grunnur til að byggja upp lið til framtíðar.

Nýr þjálfari, Ólöf Helga Pálsdóttir Woods, tók við liðinu fyrir núverandi tímabil og hefur hafið ákveðna uppbyggingarstarfsemi. Nú þegar lítið er eftir af tímabili er komið í ljós að ekki næst í úrslitakeppni þetta árið en liðið er þó öruggt um að falla ekki um deild.

Karlaliðið varð deildarmeistari á árinu undir stjórn Ívars Ásgrímssonar sem enn þjálfar liðið. Kári Jónsson var valinn íþróttamaður Hauka og gekk svo til liðs við stórlíð Barcelona, sem er mikil viðurkenning bæði fyrir hann persónulega og deildina. Eins og staðan er núna er liðið í mikilli baráttu um sæti í úrslitakeppni. Vilhjálmur Steinarsson er aðstoðarþjálfari liðsins.

Árið 2018 var viðburðarríkt í yngri flokkunum. Haukar tefldu fram liðum í öllum aldursflokkum tímabilið 2017-2018 nema í Mb. 10 ára stúlkum (fæddar 2007). Fyrir tímabilið 2018-2019 bættist við keppnisflokkur hjá stúlkum 2007 og því voru Haukar með lið á Íslandsmótinu í öllum aldursflokkum á núverandi keppnistímabili. Sumarið 2018 fór stór hluti elstu yngri flokkana í keppnisferð til Spánar sem heppnaðist afar vel. Þökkum við þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem tóku að



Íslandsmeistarar 2018

sér verkefnið að skipuleggja ferðina. Á Íslandsmótinu 2017-2018 léku mörg Haukalið til úrslita á lokamótum eða í úrslitaleikjum. Stelpurnar í 8. flokki enduðu í 3. sæti á Íslandsmótinu og stúlknaflokkur lék til úrslita gegn Keflavík. Keflavík vann leikinn og fengu stelpurnar því silfur. Drengjaflokkur varð Íslandsmeistari og 7. flokkur drengja náði 3. sæti. 8. flokkur drengja endaði í 2. sæti og strákarnir í mb. 10 ára náðu 4. sæti sem og strákarnir í mb. 11 ára. Hápunktur ársins hjá yngri flokkunum var þegar Ólafssalur var tekin í notkun fyrir tímabilið 2018-2019. Sú aðstaða sem var fyrir var fyrir löngu sprungin og gátu fjölmennir flokkar fengið betri tíma en þó aðallega meira pláss.

U. Karatedeild

Árið 2018 var mjög gott ár fyrir Karatedeildina. Hæst ber að nefna að Hjördís Helga Ægisdóttir fékk svart belti í febrúar, óskum við henni til hamingju með þann merka áfanga.

Keppnishópur Karatedeildarinnar fer ört stækkandi og með aukinni reynslu fjölgar þeim keppendum sem keppa um verðlaun. Hjördís Helga Ægisdóttir vann til fjölda verðlauna á árinu og vann sér inn sæti í Kumitelandsliðinu snemma á árinu. Meðal þeirra verðlauna sem hún vann á árinu voru 2. sæti á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kumite í flokki 16-17 ára, 2. sæti á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kumite og var þetta í fyrsta sinn sem hún hefur keppnisrétt á því móti. Hún vann einnig til verðlauna á Smáþjóðamótinu í Karate sem haldið var í San Marínó



Hjördís Helga

Hjördís Helga var einnig á topp 10 lista yfir íþróttakonur í Hafnarfirði árið 2018 og fékk hún tilnefningu sem íþróttakona Hafnarfjarðar frá ÍBH á árlegri viðurkenningarhátíð.

Á árinu fékk deildin nýjan búnað til að geta boðið iðkendum upp á fjölbreyttar og góðar æfingar. Við fengum nýja sparkpúða, bardagagínuna Bob ásamt fleiru. Allt þetta hjálpar okkur að gera æfingarnar fjölbreyttar og skemmtilegar fyrir iðkendum okkar og hafa þeir verið ánægðir með þessa viðbót.

Kristján Ó. Davíðsson er formaður deildarinnar, Helgi Kumar er gjaldkeri og Gunnlaugur er enn yfirþjálfari deildarinnar. Aðrir þjálfarar hjá deildinni á árinu voru Kristján Ó. Davíðsson, Eva Ósk Gunnarsdóttir og Hjördís Helga Ægisdóttir.

Eftirfarandi einstaklingar voru tilnefndir af karatedeildinni til íþróttamanns og konu Hauka og þjálfara Hauka og fengu að því tilefni viðurkenningu frá aðalstjórn,

Hjördís Helga Ægisdóttir var tilnefnd sem íþróttakona Hauka Björn Traustason var tilnefndur sem íþróttamaður Hauka, Gunnlaugur Sigurðsson var tilnefndur sem þjálfari Hauka

V. Golf

Fyrsta golfmót Hauka var haldið sumarið 1989 í Hvammsvík, Hvalfirði. Þátttakendur voru um 20. Ógleymanlegt veður og almenn ánægja með mótið varð til þess að ákveðið var að halda Haukagolfmót að ári. Mótið var haldið í Hvammsvíkinni til 1992 og var þá flutt á Hvaleyrarvöllinn.

Mótið var í umsjá bræðranna Guðmundar og Ingimars Haraldssona í fyrstu en eftir að það var flutt á Hvaleyrina bættist Guðmundur Friðrik Sigurðsson í hópinn.

„**Haukum í holu**“ hefur síðan fjölgað jafnt og þétt og voru þeir um 100 í síðasta móti í sept. 2015.

Keppt hefur verið um Rauða Jakkann frá upphafi, í fyrstu var notast við vínrauðan vinnujakka af Inga sem hann var hættur að nota. Síðan var sérsaumaður nýr rauður jakki sem gefinn var af Sparisjóði Hafnarfjarðar og er enn keppt um þann jakka.



Keppnin er tvískipt. Í punktakeppni er keppt um Rauða Jakkann en í högggleik er keppt um Baddaskjöldinn og núna Haukabikarinn.

Veitt eru verðlaun fyrir 1. – 3. sæti í punktakeppni auk glæsilegra nándarverðlauna.

Frá árinu 2013 hefur einnig verið keppt um titilinn Öldungameistari Hauka til minningar um Ólaf H. Ólafsson.

Þeir félagar, Bjarni Hafsteinn Geirsson og Guðbjartur Jónsson heitinn, sáu um að Haukafáninn væri dreginn að húni og félagsfáninn settur upp í golfskálanum á Hvaleyrinni. Tóku þeir á móti keppendum, gengu frá skorkortum eftir keppni og sáu um að allt gengi upp. Sannarlega hrókar alls fagnaðar.

Félagar Badda heitins í veiðiklúbbnum Haukur á stöng gáfu árið 2005 silfurskjöld – Baddaskjöldinn – til keppni í högggleik án forgjafar. Keppt var um skjöldinn í 10 ár. Skjöldurinn er nú í vörslu félagsins.

Aðalstjórn félagsins gaf í fyrra farandgrip, Haukabikarinn. Keppt verður um hann í 10 ár í besta skori án forgjafar.

Haukafélagar í fyrirtækjarekstri jafnt sem einstaklingar hafa alla tíð stutt dyggilega við mótið og gefið myndarleg verðlaun, þannig að allir sem vettlingi hafa valdið og á golfkylfu haldið hafa farið heim með verðlaun í mótslok.

Myndarlegur ágóði hefur verið af mótinu alla tíð og hefur honum verið varið til eflingar starfssemi hinna ýmsu deilda Hauka.

Haukamótið þykir með glæsilegustu mótum sem haldin eru á Hvaleyrarvelli. Fer þar saman besti golfvöllurinn og golfmót besta félagsins.

Innan Hauka eru og hafa verið margfaldir Íslandsmeistarar í hinni göfugu golfíþrótt, má þar nefna Björgvin Sigurbergsson, Svein Sigurbergsson og Úlfar Jónsson.

Golf-Haukar er hópur sem kom saman á 80 ára afmæli félagsins 2011 og stofnaði þetta er 16 manna hópur fyrrum keppnis- og stjórnarmanna úr handknattleiksdeild félagsins sem fundu sér rólegri farveg á grænum grundum golfvalla landsins og víðar. Aldursmörkin eru 50 ára og meðlimir þurfa auk þessa að vera skráðir í Keili.

Talsmenn Golf-Hauka eru þeir Guðmundur Friðrik Sigurðsson, Guðmundur Haraldsson og Ingimar Haraldsson.

Úrslit í Haukamótinu 2018

Föstudaginn 14.09 lauk Haukamótinu í golfi 2018. 74 kylfingar voru skráðir til leiks og luku 71 keppni. Veðrið lék við okkur Haukamenn og spiluðu keppendur hinn glæsilega Hvaleyrarvöll í glampanði sól-skini og næstum logni.

Það má með sanni segja að kylfingurinn góðkunnir, **Þórdís Geirsdóttir** hafi komið, séð og sigraði í mótinu. Gerði sér litið fyrir og vann **Rauða jakkann, Gula boltann og Haukakönnuna**. Þórdís er fyrst



allra til að vinna í öllum flokkum Haukamótsins. **Anna María Pétursdóttir** náði öðru sæti í keppninni um Rauða jakkann og í þriðja sæti lenti **Marel Örn Guðlaugsson**.

Allir þeir sem voru mættir í verðlaunaafhendingunni fengu vinninga sem sjaldan hafa verið glæsilegri. Mótstjórn og dómaraþakka kærlega Golfklúbbnum Keili og hans starfsmönnum svo og Brynju og hennar starfsmönnum í veitingasölunni fyrir ánægjulegt samstarf nú sem áður.

Það er ekki sjálfgefið að halda úti golfmóti í 30 ár, líkt og Haukamótinu í golfi sem haldið hefur verið frá 1989, en þegar Haukar tengjast atburðum er allt hægt. Eitt sem er alltaf jafn skemmtilegt er að safna vinningum fyrir golfmótið. Hjá fjölmörgum fyrirtækjum eigum við fjölda "Hauka í horni" og velunnara. Hvetjum við Haukamenn að beina sínum viðskipum til þessara fyrirtækja. 2018 voru eftirfarandi aðilar sem gáfu okkur vinninga eða studdu okkur á annan hátt. Kunnum við þeim bestu þakki fyrir.

Úr ársskýrslu Golf-Hauka

W. Veiði

Haukur á stöng og Mokveiðideildin hafa starfað blómlega um margra áratugaskeið og sótt björg í bú í ár og vötn innanlands og utan. Fyrri hópurinn er fámennur og lokaður öðrum en formönnum félagsins og deilda þess og eru inntökuskilyrði afar ströng. Mokveiðideildin sem er fjölmenn, samanstendur aðallega af stuðningsmönnum handknattleiksdeildar félagsins og eru inntökuskilyrði rýmri en færri komast þó að en vilja.

Afli var tregur þetta árið að sögn heimildarmanna.

X. Blak

Blakdeild Hauka er þakklát fyrir þann stuðning sem hún hefur fengið frá félaginu síðast liðin ár. Með tilkomu Ólafssal, þar sem bættust við tveir vellir, eru Ásvellir ein flottasta blakaðstaða sem hægt er að finna. Nú eru um sex blakvellir á Ásvöllum og í raun hægt að koma þrem öðrum völlum fyrir í sal A.

Eftir gott tímabil sem einkenndist af örri stækkun innan deildarinnar, fjölgun liða í Íslandsmóti og áframhaldandi frábærum tækifæri fyrir blakiðkun í Hafnarfirði þá varð stopp á því þegar deildin fór af stað í haust. Síðastliðin ár hefur deildin fengið úthlutað tíma sem blakdeild innan Hauka frá ÍBH sem hafa ekki nýst öðrum deildum, þetta eru tímar í litlu íþróttahúsunum sem hafa nýst okkur mjög vel. Eru í raun afgangstímar og höfum við því ekki tekið tíma af neinum öðrum eða haft áhrif á úthlutun tíma til annarra deilda. Ágúst 2018 fengum því þær upplýsingar að deildin fengi ekki úthlutaða tíma samkvæmt fyrirmælum sem Haukar gáfu út. Því miður þá ákváðu Haukar að hætta samkomulagi sínu við blakdeildina. Þessar breytingar komu sér mjög illa fyrir blakdeildina. Við höfðum gengið að því að samstarfið væri áfram í fullu gildi og höfðum ekki fengið upplýsingar um annað en að samstarf blakdeildarinnar og knattspyrnufélags Hauka gengi með besta móti.

Við þessar sviptingar þurfti stjórn deildarinnar að finna nýja leið til þess að geta boðið iðkendum sínum upp á æfingar og fá æfingartíma í húsum bæjarins. Endingin var sú að Íþróttabandalag Hafnarfjarðar var tilbúið að leigja blakdeild Hauka tíma í húsunum sem annars nýstast fyrir almenna íþróttahópa eða hobbý hópa. Því þurfti Blakdeild Hauka að leigja íþróttatíma í íþróttahúsum bæjarins. Því miður er



leigan ekki lág fyrir svo stóra deild eins og blakdeildin er. En til þess að missa ekki út iðkendur varð stjórnin að taka því sem bauðst og leigði þá íþróttatíma, sem voru í boði fyrir deildina síðustu ár. Leigan hleypur á hundruðum þúsunda og er það mjög þungt högg fyrir litla íþróttadeild.

Þessar óvæntu breytingar á samstarfinu hafa líka haft í för með sér fækkun iðkenda, óvissa um framtíð deildarinnar og óöryggi um áframhaldandi samstarf við Hauka. Stjórn deildarinnar hefur reynt með besta móti að halda uppi starfi í vetur. Blakdeild Hauka keppti á Íslandsmóti Blaksambandsins, við fórum með fjögur kvennalið og tvö karlalið. Á Íslandsmótinu var mikill árangur, efstu kvenna og karlaliðin unnu sig upp í 2. deild og verðum við komin með lið í úrvalsdeild innan skamms með áframhaldandi frábærri vinnu og samheldni. Einnig keppti kvennaliðið í Kjörísbikarnum og náði ágætum árangri þar sem þær komust í undanúrslit, léku heimaleikinn sinn í Víðistaðaskóla en þurfti að lúta í lægra haldi fyrir nautsterku liði Próttar Reykjavík.

Þjálfarar deildarinnar eru Egill Þorri Arnarsson, Sergej Diatlovic og Brimrún Björgólfsdóttir.

Ljóst er að mikill kraftur er í starfsemi blakdeildar Hauka og iðkendur deildarinnar eru staðráðnir í að halda áfram þrátt fyrir erfiðan vetur, stefnan er að taka stærri skref á komandi misserum og setja þannig mark sitt á blakheiminn á Íslandi. Í október 2018 kynnti stjórn deildarinnar meðlimum hennar um stöðu mála og fengu jafnframt umboð til þess að vinna að lausnum svo deildin fengi að halda áfram. Eftir miklar viðræður við Badmintonfélag Hafnarfjarðar og Knattspyrnufélag Hauka þá var niðurstaðan sú að reyna áfram samstarf við Hauka. Æfingartími deildarinnar á Ásvöllum á sunnudögum skiptir miklu máli fyrir iðkendur. Blakdeildin bauð því aðalstjórn Knattspyrnufélags Hauka að blakdeildin myndi ekki hefja barnastarf næstu árin, var þetta leið deildarinnar að vera áfram hluti af Knattspyrnufélagi Hauka. Því miður sættist aðalstjórnin ekki á það. Í febrúar sl. var haldinn auka aðalfundur deildarinnar þar sem var iðkendur fengu að kjósa um framtíð deildarinnar og var niðurstaðan sú að stofna Blakfélag Hafnarfjarðar og vera í samstarfi við Hauka með að fá áfram æfingartíma á sunnudögum. Sækja um inngöngu í ÍBH og fá úthlutaða tíma frá þeim sem íþróttafélag.

Nú eru því tímamót í sögu blakdeildar Hauka, við upplýsum ykkur með trega að eftir frábæran tíma sem hluti af Hauka fjölskyldunni verður blakdeild Hauka að Blakfélagi Hafnarfjarðar frá og með haustið 2019.

Y. ÍBH

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar var stofnað þann 28. apríl 1945 að tilhlutan Íþróttaráðs Hafnarfjarðar, Fimleikafélags Hafnarfjarðar, Knattspyrnufélagsins Hauka og Skíða- og skautafélags Hafnarfjarðar. Þessi þrjú íþróttafélög teljast því stofnendur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Tvö þeirra hafa eflst og vaxið, en starfsemi Skíða- og skautafélagsins lagðist niður eftir 1960.

Um nokkurra missera skeið hefur verið í undirbúningi að skerpa á stefnu og framtíðarsýn ÍBH með það að markmiði að styrkja starf og stöðu bandalagsins og móta sameiginlega sýn til framtíðar með heildarhagsmuni aðildarfélaga að leiðarljósi. Í því felst að skerpa á þeim forgangsráðslum sem ÍBH og aðildarfélög bandalagsins eiga að vinna að, auka skilvirkni bandalagsins og skilning á milli þeirra félaga sem að íþróttabandalaginu standa og efla vinnubrögð og samhljóm viðhorfa hjá félagsmönnum ÍBH.



Ávinningur vinnunnar er því skýr stefna og áherslur ÍBH, skilvirkara kerfi til að vinna eftir og sterkari liðsheild sem vinnur samstíga að því að byggja upp farsælt samstarf og efla á allan hátt starfsemi ÍBH og samkennd innan bandalagsins.

Á árinu 2016 voru rekstrar- og þjónustusamningar milli Hafnarfjarðarbæjar og íþróttafélaganna endurnýjaðir. Frá þeim tíma hefur verið unnið að því að styrkja og efla rekstrar- og þjónustusamning aðila enn frekar og í byrjun árs 2019 var undirritaður þjónustusamningur þar sem er tryggt að ÍBH fái áfram stuðning til að reka skrifstofu sína og sinna þeim verkefnum sem tíunduð eru í samningnum, en þau eru m.a. yfirumsjón með stjórn íþróttamála, að tryggja að íþróttafélög haldi rétt bókhald, halda utan um tölfræði, veita íþróttafélögum ráðgjöf og stuðning, reka m.a. afreksmannasjóð, vera samstarfsvettvangur allra félaganna, taka þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum með Hafnarfjarðarbæ og fylgjast með gæðaviðmiðum varðandi starfsemi íþróttafélaga.

Í samstarfssamningi sem er í raun regnhlífasamningur milli allra íþróttafélaga og Hafnarfjarðarbæjar er skilgreind stefnumörkun fyrir öll samskipti og samvinnuverkefni milli þessara aðila. Samningurinn tryggir að samið sé við íþróttafélög um þá þjónustu sem þau veita bæjarbúum út frá fjölda barna sem iðka greinarnar og hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í rekstri og viðhaldi á íþróttamannvirkjum. Samningurinn tryggir að íþróttafélögin í umboði ÍBH fái æfingar- og keppnistíma í íþróttamannvirkjum í sveitarfélaginu. Í samningnum er ákvæði þar sem Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig að taka þátt í að byggja upp íþróttamannvirki í takt við þróun og óskir íþróttafélaganna. Samningurinn festir í sessi starf eftirlitsnefndar með fjármálum íþróttafélaga sem skoðar og greinir fjárhag og rekstur íþróttafélaganna.

Í gegnum þennan samning er formleg samþykkt um stofnun óháðs fagráðs sérfræðinga í Hafnarfirði sem tekur á ágreinings- og álitamálum frá íþróttafélögum í Hafnarfirði varðandi mál sem tengjast ofbeldi, þar á meðal kynferðislegu ofbeldi og eineltismálum.

Fimmtudaginn 27. desember 2018 fór fram hin árlega Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Axel Bóasson kylfingur úr Golfklúbbnum Keili var kjörinn Íþróttakarl Hafnarfjarðar og Sara Rós Jakobsdóttir dansari úr Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar var kjörin Íþróttakona Hafnarfjarðar. 474 Íslandsmeistarar voru heiðraðir af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og Knattspyrnufélagið Haukar fékk afhentan ÍSí bikarinn 2018 fyrir þróttmikið og öflugt starf félagsins.

Hafnarfjarðarbær, Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og Rio Tinto á Íslandi hf. undirrituðu á íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar þann 27. desember 2017 samning um eflingu íþróttastarfs yngri en 18 ára iðkenda íþróttafélaganna í Hafnarfirði. Er þetta sjötti samningurinn sem þessir aðilar gera um eflingu íþróttastarfs yngri iðkenda í Hafnarfirði. Samningurinn gildir út árið 2019. Árið 2018 greiddi hvor aðili kr. 10.000.000.-

Árið 2018 var viðburðarríkt í hafnfirsku íþróttalífi og starfsemi ÍBH var þróttmikil og áhugverð og mikilsverð mál voru þar til lykta leidd.

Fulltrúi Hauka í stjórn ÍBH er Magnús Gunnarsson og til vara Samúel Guðmundsson.



Z. Fjármál

Rekstur Knattspyrnufélagsins Hauka er fjölþættur, eins og framlagðir ársreikningar félagsins bera með sér. Rekstur félagsins er tvískiptur, annars vegar er um að ræða Umsýslu Knattspyrnufélagsins Hauka og hins vegar Rekstrarfélags Hauka ehf., en félagið er að öllu leyti í eigu Knattspyrnufélagsins Hauka og hefur það hlutverk að sjá um rekstur meistaraflokka félagsins í handknattleik, körfuknattleik og knattspyrnu. Heildartekjur félaganna á árinu 2018 voru samtals um 543,2 milljónir króna, en heildar rekstrarútgjöld fyrir afskriftir og fjármagnsliði voru kr. 537,5 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða ársins 2018 að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var neikvæð um tæpar 0,2 milljónir króna. Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi 31.12.2018 eru kr. 344 milljónir, en skuldir samstæðunnar nema um 74,4 milljónum króna, þar af langtímaskuldir kr. 15 milljónir.

Rekstur íþróttafélags er í eðli sínu mjög sveiflukenndur. Helgast það ekki síst af þeirri staðreynd að tekjuflæði er óstöðugt og nokkuð ótryggt, en uppspretta fjármagns er háð mörgum ólíkum þáttum. Má þar til nefna samstarfssamninga við fyrirtæki, rekstrar- og þjónustusamninga við Hafnarfjarðarbæ sem og styrkveitingar sem sumar hverjar eru háðar árangri og sýnileika afreksfólks Hauka, sem og efnahagslegir þættir er lúta að iðkendum og fjölskyldum þeirra, svo fátt eitt sé nefnt.

Á árinu lauk byggingu nýs kennslu- og íþróttasalar á Ásvöllum og var salurinn formlega vígður þann 12. apríl 2018 á afmælisdegi Hauka. Salurinn hefur hlotið nafnið, Ólafssalur, í minningu Ólafs heitins Rafnssonar. Ólíkt öðrum fjárfestingum í mannvirkjum á Ásvöllum á liðnum árum var nýi kennslu- og íþróttasalurinn alfarið fjármagnaður og byggður af Hafnarfjarðarbæ og þar með horfið frá því fyrirkomulagi að Hafnarfjarðarbær fjármagnaði 80% framkvæmdakostnaðar og Haukar 20%.

Knattspyrnufélagið Haukar sendi formlegt erindi árið 2017 til bæjarráðs, þar sem lagt var til að fjármögnun og bygging salarins yrði alfarið í höndum Hafnarfjarðarbæjar. Var þar horft til þess að meira máli skipti að geta einbeitt sér að kröftugu, uppbyggilegu íþróttastarfi í stað lítils eignarhluta í nýjum íþróttasal. Bæjarráð tók vel í erindið og samþykkti það fyrirkomulag. Er því ljóst að ekki verður um íþyngjandi fjárskuldbindingar að ræða vegna byggingarinnar. Er bæjarfulltrúum hér þökkuð sú ákvörðun.

Þegar litið er til reksturs Knattspyrnufélagsins Hauka og Rekstrarfélags Hauka má segja að reksturinn sé í járnnum. Heldur hefur þó birt til, en stöðugt aðhald er lykilatriði í rekstri félagsins. Það skiptir verulegu máli að rekstrargrunnur félagsins sé traustur og leita forráðamenn félagsins stöðugt nýrra leiða til að bæta fjárhagslega stöðu þess. Það getur hins vegar verið erfiðleikum bundið að reka félagið svo ásættanlegt sé ef ekki tekst að treysta betur fjárhagslegan stöðugleika með betra og öruggara fjárstreymi til lengri tíma.

Nú er byggingu nýja íþróttasalarins að mestu lokið, glæsilegur íþróttasalur tekinn í notkun og umhverfi íþróttamiðstöðvarinnar að Ásvöllum hefur tekið stakkaskiptum með einkar snyrtilegum frágangi utanhúss. Og áfram skal haldið í ört vaxandi íbúahverfi og hafa bæjaryfirvöld og fulltrúar Hauka hafið undirbúning að byggingu knattshúss, en lengi hefur verið beðið eftir að betri aðstaða fyrir knattspyrnuíðkun líti dagsins ljós. Má reikna með að á næstu tveimur til þremur árum verði risið myndarlegt upphitað knattshús í fullri stærð á lóð félagsins. Samhliða þeim byggingaframkvæmdum sem þegar eru



fyrirhugaðar á svæði félagsins er unnið að breyttu deiliskipulagi þar sem horft til enn frekari uppbyggingar á svæði félagsins.

Margt hefur áunnist varðandi uppbyggingu á Ásvöllum og Haukar geta verið stoltir hvernig staðið hefur verið að þeim byggingum sem þegar hafa risið. Þar hefur ríkt metnaður til að vanda vel til verka og skipulags og má segja að með tilkomu knatthúss og síðar nýrrar stúku verður Íþróttamiðstöð Hauka og umgjörð öll á svæði félagsins ein sú besta á landinu.

Það er líka afar ánægjulegt að Hafnarfjarðarbær hefur góðan skilning á að samhliða öflugri uppbyggingu íbúabygðar á Völlum þurfi samhliða að byggja upp góða aðstöðu fyrir íbúana til að skapa aðstöðu til öflugs íþróttastarfs og annarrar afþreyingar.

Það má því segja að það sé bjart framundan hjá Haukum á komandi árum og mörg spennandi og krefjandi verkefni sem bíða hér úrlausnar.

AA. Hafnarfjarðarbær

Árið 2018 var viðburðarríkt ár í samskiptum Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka. Á árinu var unnið að endanlegum frágangi á nýjum kennslu og íþróttasal. Íþróttasalurinn var vígður á afmælisdegi Hauka þann 12. apríl, en síðan formlega tekinn í notkun til kennslu og íþróttaiðkunar á haustdögum. Er óhætt að segja að einstaklega vel hafi til tekist við byggingu salarins, bæði hvað hönnun og efnisval varðar. Er salurinn einstaklega glæsilegur og hefur verið hugað að hinu stærsta sem hinu smæsta af kostgæfni. Við byggingu salarins var gert ráð fyrir að aðstaða til kennslu og íþróttaiðkunar yrði sem allra best og þá er sérstaklega hugað að því að skapa sérstaka aðstöðu fyrir iðkendur í körfuknattleik. Þannig var hugað að öflugum körfuboltakörfum, stórum LED skjáum, og hljómflytningstækjum af bestu gerð. Þá er svokallað hússtjórnarkerfi í salnum, en með iðntölvum er leitast við að ná sem hagkvæmustum rekstri hvað varðar rafmagns og hitavatnsnotkun. Þá er gert ráð fyrir að áhorfendabekkir verði keyptir á árinu 2019 og verður þá mögulegt að færa leiki í körfuknattleik yfir í nýja salinn sem fengið hefur nafnið „Ólafssalur“ í minningu Ólafs Rafnssonar, Haukafélaga og fyrrum forseta ÍSí. Sérstök framkvæmdanefnd var skipuð vegna byggingar salarins og var Helga Ingólfssdóttir, bæjarfulltrúi formaður nefndarinnar, en aðrir fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar voru Helga Björg Arnardóttir, Friðþjófur Helgi Karlsson, Sigurður Haraldsson og Geir Bjarnason. Fulltrúar Hauka voru Samúel Guðmundsson, Þorgeir Haraldsson og Magnús Gunnarsson. Hönnun byggingarinnar var í höndum ASK arkitekta og verktaki var SP verktakar ehf. Samstarf Hauka við alla þessa aðila var með miklu ágætum og er þeim þökkúð frábær störf við undirbúning og framkvæmd verksins.

Á undanförunum misserum hafa Haukar lagt mikla vinnu í að undirbúa byggingu knatthús, en fyrir löngu er orðin þörf á knatthúsi á Ásvöllum. Bæði er það að innanhúss aðstaða á Ásvöllum er engin fyrir iðkendur knattspyrnu og síðan hefur íbúum í nærumhverfi fjölgað verulega og þá sérstaklega vegna nýrrar íbúðabygðar á Völlum og nú í Skarðshlíð. Hugmyndir Knattspyrnufélagsins Hauka eru að byggt verði knatthús í fullri stærð, 120 metrar á lengd og 82,5 metrar á breidd með aðstöðu fyrir um 800 áhorfendur. Húsið verði upphitað og tengibygging sem byggð verður við enda knatthússins, um 800 fermetrar að stærð, verður þjónustuhús með aðkomuaðstöðu, búningaáðstöðu, áhaldageymslu og annarri stoðþjónustu tengdri starfsemi. Gert er ráð fyrir að knatthúsið risi á grasæfingarsvæði félagsins og mun knatthúsið verða staðsett norðaustan Íþróttamiðstöðvar og mun þjónustubygging



knattþússins liggja að núverandi keppnisvelli félagsins. Áður voru áform um að knattþúsið myndi verða staðsett sunnan við samkomusal félagsins en frá því hefur verið horfið.

Á vordögum 2018 var undirrituð viljayfirlýsing milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka sem er svohljóðandi:

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði og Knattspyrnufélagið Haukar, kt. 600169-0419, Ásvöllum, Hafnarfirði, gera með sér eftirfarandi:

VILJAYFIRLÝSING

Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar 2018-2021 er gert ráð fyrir að á árinu 2017 verði framkvæmdir hafnar við uppbyggingu íþróttamannvirkja samkvæmt tillögum Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem samþykktar voru á þingi bandalagsins árið 2017. Samkvæmt tillögunum er gert ráð fyrir að að á árunum 2018—2021 verði unnið að byggingu knattþúss hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum og er í fjárhagsáætluninni gert ráð fyrir að á árinu 2018 verði gert samkomulag um undirbúning og hönnun þess verkefnis.

Með vísan til framangreinds lýsa aðilar yfir sameiginlegum vilja um að láta vinna nýtt deiliskipulag fyrir Ásvelli með staðsetningu knattþúss í huga. Gert er ráð fyrir að knattþúsið rísi norðaustan við núverandi keppnisvöll félagsins .

Samhliða framangreindu munu aðilar setja á laggirnar undirbúningsnefnd sem mun fjalla um gerð og hönnun hússins og skal stefnt að því að nefndin skili niðurstöðum sínum fyrir 1. nóvember 2018.

Jafnframt mun Knattspyrnufélagið Haukar afsala sér lóðarskika, vestan íþróttamiðstöðvar, til bæjarins og mun núverandi lóð Knattspyrnufélagsins Hauka því minnka til samræmis við það. Aðilar eru sammála um að umræddur lóðarskiki verði ætlaður til annarra nota en byggingu íþróttamannvirkja.

Umrædd lóð Ásvellir 1 er í eigu Hafnarfjarðarbæjar en var úthlutað til Knattspyrnufélagsins Hauka árið 1989. Fyrir liggur að formlegur lóðarleigusamningur vegna lóðarinnar hefur ekki verið undirritaður og eru aðilar sammála um að því þurfi að ljúka sem allra fyrst.

Þegar nýtt samþykkt deiliskipulag liggur fyrir og framangreint uppfyllt er gert ráð fyrir að gengið verði frá formlegum samningi milli aðila um undirbúning og hönnun byggingar knattþúss að Ásvöllum. Undirritun þessi var formlega staðfest af bæjarstjóra, Haraldi L. Haraldssyni, og framkvæmdastjóra Hauka, Magnúsi Gunnarssyni þann 14. maí 2018.

Frumkvæði að þessari viljayfirlýsingu kom frá Knattspyrnufélaginu Haukum en þar lýstu Haukar sig reiðubúna til að afhenda lóðarskika undir 80-100 íbúðir á miðsvæði Hauka, gegnt Ásvallarlaug til að auðvelda fjármögnun Hafnarfjarðarbæjar á byggingu fullkomins knattþúss.

Bæjarráð skipaði síðan starfshóp um verkefnið og var fyrsti fundur starfshópsins haldinn þann 11. september 2018. Í starfshópnum sitja Kristinn Andersen, formaður starfshóps, Anna Karen Svövudóttir, Jón Garðar Snædal Jónsson, Samúel Guðmundsson og Ágúst Karlsson. Með starfshópnum starfa Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu, Geir Bjarnason, Íþrótt- og tómskundafulltrúi, Rósa Steingrímsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs og Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Hauka. Nefndin hefur þegar haldið allnokkra fundi og er málið að þokast áfram í ágætum farvegi. Má vænta ákvarðana um byggingu hússins, hönnunarforsendur og framkvæmdatíma þess á fyrri hluta árs 2019.



Ekki þarf að fjölyrða um þörf knatthúss á Ásvöllum, öllum er það löngu ljóst að tilkoma knatthúss mun gjörbreyta allir aðstöðu fyrir knattspyrnuíðkendur og skapa um leið möguleika til marþættrar annarrar starfsemi.

Á árinu var unnið að nokkrum viðhaldsverkefnum á húsnæði Íþróttamiðstöðvarinnar á Ásvöllum en fjárveitingar til viðhaldsverkefna hefur verið af skornum skammti undanfarin ár. Helst hefur verið unnið að því að koma í veg fyrir leka, en leki í húsnæði hefur verið vandamál um langa hríð. Það er því ánægjulegt að svo virðist sem nokkuð hafi áunnist í þeim málum á árinu 2018.

Samstarf starfsfólks Hauka og starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar hefur verið með miklum ágætum og eru starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar hér þökkúð ánægjuleg samskipti á árinu 2018.

BB. Lokaorð

Við Haukar förum bjartsýnir inn í komandi ár þar sem við munum taka nýja áhorfendabekki í Ólafssal í notkun ásamt að við munum sjá næstu skref stigin í undirbúningi að því að byggja nýtt glæsilegt knatt-hús sem sóma mun sér vel við hlið okkar metnaðarfullu bygginga hér á Ásvöllum. Við væntum jafnframt áfram góðs árangurs hjá okkar ungu og bráðefnilegu meistaraflokksliðum sem öll eru borinn uppi af leikmönnum sem aldir eru upp innan raða Hauka.

Íþróttafélög í fremstu röð hér á landi eins og Haukar munu ekki eflast og dafna nema að sjálfbóðaliðar vinni gríðar mikið og óeigingjarnt starf fyrir sitt félag. Haukar hafa á að skipa fjölmennu og öfluglu liði sjálfbóðaliða sem vinna ómetanlegt og gott starf fyrir félagið. Sjálfbóðaliðum og starfsfólki Hauka er þakkað fyrir gríðarlega gott starf fyrir félagið á liðnu ári.

Liðið starfsár hefur mjög viðburðaríkt og jafnframt ánægjulegt. Ár þar sem tekist hefur að halda áfram öfluglu starfi við að styrkja rekstur félagsins sem og að góður árangur er að nást íþróttalega hjá deildum félagsins.

Jafnframt hefur Hafnarfjarðarbær aukið stuðning sinn við uppbyggingu félagsins eins og fram hefur komið hér að framan. Mörg spennandi verkefni við viðhald og uppbyggingu okkar öfluga félags er fram undan eins og fram hefur komið hér að framan og hef ég ákveðið að bjóða fram starfskrafta mína til að stýra Haukum áfram næsta starfsár.

Helstu verkefni á komandi starfsári eru:

- Halda áfram vinnu við að ná betra jafnvægi og styrkja rekstur félagsins.
- Vinna áfram að uppbyggingu Ásvalla þar sem markmiðið er að hefja byggingu knattspyrnuhúss við Ásvelli á árinu 2020. Stefna að því að vígja 1. áfanga byggingarinnar á 90 ára afmælisdegi Hauka 2021.
- Stuðla að nýliðun í sjálfbóðaliðastarfi fyrir félagið og hvetja yngra fólk til að starfa fyrir Hauka.

Mörg önnur verkefni bíða nýrrar aðalstjórnar á næsta starfsári við að halda áfram uppbyggingu okkar öfluga félags.

Áfram Haukar
Samúel Guðmundsson, formaður



AFREKSSKÓLI HAUKA 2017-18



Efta röð frá vinstri: Mikael Andri Samúelsson, Páll Þór Kolbeins, Jóhann Valur Jónsson, Lárus Þór Björgvinsson, Þorfinnur Máni Björnsson, Alex Már Júlíusson, Victor Gauti Jóhannsson, Baldur Örn Þórarinnsson, Árni Snaer Sigmundsson, Hallur-Húni Þorsteinsson, Alexander Máni Daðason, Mikael Viktor-Magnason Owen, Sveinn-Ari Hrafnarsson, Ingi Snaer Karlsson, Anton Karl Sindrason, Birgitta Líf Pálmadóttir, Elín Björg Símonardóttir, Haraldur Jón Friðriksson, Árni Sæmundsson, Sigurður Pétursson, Hinrik Hrafn Bergsson, Þórarinn Búi Tryggvason, Ólafur Valur Hjartarson.

Standandi frá vinstri: Emil Barja (kennari), Gunnar Magnússon (kennari) Björgvin Páll Gústavsson (kennari), Daníel Þorri Hauksson, Höskuldur-Dúi Jónsson, Steinar Logi Jónatansson, Axel Elí Axelsson, Patrik Leó Valdimarsson, Andri Fannar Ellásson, Patrik Snaeland Rúnarsson, Sigrún May Sigmundsdóttir, Elín Klara Þorkelsdóttir, Mikaela Nótt Pétursdóttir, Sólborg Birta Steinbergsdóttir, Þurður Ásta Guðmundsdóttir, Berghildur Björt Egilsdóttir, Erla Sól Vigfúsdóttir, Hjördis Helga Áegisdóttir, Matthías Máni Örvarsson, Már Viktor Guðmundsson, Thelma Melsteð Björgvinsdóttir, Aron Wolfram Jörgensson, Óliver Steinar Guðmundsson, Helga Soffía Reynisdóttir, Kristey Lea Ó. Mathiesen, Guðbjörg Alma Sigurðardóttir, Dagbjört Gyða Halfdanardóttir, Hilmar Trausti Arnarsson (kennari), Kristján Ómar Björnsson (skólastjóri).

Stjandi frá vinstri: Atli Freyr Björgvinsson, Arnór Pétur Róbertsson, Bryndís Eva Birkisdóttir, Margrét Björg Castillo, Emillía Ósk Steinarsdóttir, Atli Steinn Arnarsson, Jón Logi Hjartarson, Arnar Númi Gíslason, Freyr Elí Sveinbjörnsson, Rannveig Þóra Karlsdóttir, Berglind Prastardóttir, Viktoría Dilljá Halldórsdóttir, Snorri Jón Traustason, Viktor Jónsson, Óliver Helgi Sveinbjörnsson, Karfas Björk Ingadóttir, Stella Hrunn Asbjarnardóttir, Kolbrún Eir Þorlaksdóttir, Hildur Bryndís Arnadóttir, María Ósk Vilhjálmisdóttir, Brynhildur Eva Kristinsdóttir.